

Háskóli Íslands

Sagnfræði- og Heimspekideild

Sagnfræði

Trúarefi og trúleysi um aldamótin 1900

Ritgerð til B.A.-prófs

Kristófer Eggertsson

Kt.: 130884-3349

Leiðbeinandi: Guðmundur Jónsson

Maí 2009

Ágrip

Vantrúarbylgja skall á Íslandi undir lok 19. aldar. Íslenskir menntamenn hófu gagnrýni á trúarbrögð sem einkenndust af trúarefa og trúleysi. Áhrifavaldar þeirra komu erlendis frá og var Daninn Georg Brandes í miklum metum. Róttækir ritstjórar í landinu eins og þeir Jón Ólafsson, Valdimar Ásmundsson og Þorsteinn Gíslason skrifuðu á gagnrýnan hátt um trúna og höfðu aðrar hugmyndir um guðdóminn en kirkjan hafði. Aðrir gengu lengra og gengust opinberlega við trúleysi og gagnrýndu trúna harðlega. Til dæmis um það eru Guðmundur Hannesson læknir og Þorsteinn Erlingsson skáld. Gagnrýnin losaði um trúmálaumræðu í landinu og færði boðskap kirkjunnar af þeim palli óskeikaleikans niður á plan þar sem lærðir og leikir gátu tekist á um gildi hans.

Efnisyfirlit	
Inngangur	4
1. Bakgrunnur	
1.1 Hugtakið trúleysi.....	7
1.2 Aðdragandi trúarefa erlendis.....	8
1.3 Trúarlíf á Íslandi.....	9
1.4 Hræringar í trúarlífinu.....	11
1.5 Óttinn við vantrúna.....	13
2. Gagnrýni á trúna	
2.1 Matthías Jochumsson.....	17
2.2 Valdimar Ásmundsson.....	17
2.3 Jón Ólafsson.....	19
2.4 Þorsteinn Gíslason.....	22
3. Þorsteinn Erlingsson	
3.1 Róttækt skáld.....	25
3.2 Efasemdir um trúleysi Þorsteins.....	27
3.3 Guð og kirkjan.....	30
4. Guðmundur Hannesson	
4.1 Rökvís læknir.....	35
4.2 Siðferði.....	39
4.3 Skynsemi kristindómsins.....	42
Niðurstöður	45
Heimildaskrá	49

Inngangur

En vísindamaðurinn dansaði um skógana fimur einsog apinn, og hann tók sjer ból í skilningstrje góðs og ils, því trje sem mönnunum var bannað að hreifa við. Hann klifraði um greinarnar og bruddi ávextina, en mennirnir stóðu alt í kríng og horfðu nauksaugum á hann. Og hann stóð í toppinum og henti ávöxtunum út til fjöldans, og mennirnir læddust burt með þá einn og einn og átu þá í skugganum einsog þeir innu ódæði. En þegar þeir átu af því trje þá lukust upp augu þeirra og þeir urðu einsog vísindamaðurinn: þektu lögmál náttúrunnar, skildu sjálfa sig og sáu að þeir voru dír. Og á þeim degi og þar eftir bættust við mörg hundruð sálna.¹

Svona sá Þorsteins Gíslasonar ritstjóri framtíðina fyrir sér í smásögu eftir hann sem nefndist „Vísindamaðurinn“ og birtist í *Sunnanfara* 1894. Fólk mundi brátt verða frjálst undan valdi og ranghugmyndum kirkjunnar og sumir menntamenn sáu fyrir sér framtíð án kreddukenndra trúarbragða. Íslenskir menntamenn á síðustu áratugum 19. aldar, báru með sér vantrúarbylgju frá Kaupmannahöfn sem átti rætur sína að rekja til raunsæisstefnu Danans Georg Brandes sem var mjög gagnrýnn á kirkjuna. Nokkrir íslenskir menn gagnrýndu kristindóminn í blöðum og kvæðum. Skoðanir þeirra á trúnni voru langt frá kenningum hinnar lúthersku þjóðkirkju. Fáir á Íslandi gengu svo langt að viðurkenna opinberlega trúleysi en tvö dæmi eru um slíka menn, Guðmund Hannesson lækni og Þorstein Erlingsson ritstjóra og skáld.

Tilgangur ritgerðarinnar er að kanna þessi gagnrýnu skrif um trúna. Sérstök áhersla verður lögð á trúleysingjana tvo Guðmund og Þorstein en einnig verður litið sérstaklega á trúargagnrýni þriggja íslenskra frjálslýndra og róttækra ritstjóra. Þeirra Jóns Ólafssonar, Valdimars Ásmundssonar og Þorsteins Gíslasonar. Trúarefi, trúleysi og gagnrýni á trúarbrögð, aðallega kristna trú, eru þau megin viðhorf sem skoðuð verða hjá áðurnefndum mönnum. Þeir voru valdir þar sem skoðanir þeirra á trúarbrögðum og kirkjunni voru róttækar og þeir skrifuðu nokkuð um málefnið. Reynt verður að draga fram einhverja heildarsýn á það hvernig nýjar hugmyndir tengdar trúarefa og trúleysi komu fram á Íslandi undir lok 19. aldar og hvernig umhverfi þær hræðust í.

¹ Þorsteinn Gíslason: „Vísindamaðurinn“, bls. 12.

Þó nokkuð hefur verið skrifað um kirkjusögu Íslands um aldamótin 1900 en lítið sem ekkert með sérstaka áherslu á trúleysi. Í fjórða bindi ritraðarinnar Kristni á Íslandi, sem nefnist *Til móts við nútímann*, er kafli eftir Þórunni Valdimarsdóttur um bylgju trúarefa og guðleysis í Evrópu sem náði til Íslands að einhverju marki. Niðurstaða hennar er sú að spennan á milli vísinda og trúar hafi rénað með tilkomu frjálslyndu guðfræðinnar í byrjun 20.aldar. Í bók Inga Sigurðssonar *Erlendir straumar og íslensk viðhorf. Áhrif fjölbjódlegra hugmyndastefna á Íslendinga 1830-1918* eru kaflar um póstívísma og raunsæisstefnu í bókmenntum og darwinshyggju og áhrif þeirra á Íslendinga en lítið er fjallað beinlínis um trúleysi. Pétur Pétursson hefur skrifað þó nokkuð um trúarsögu Íslendinga. Hann skrifaði þrjár greinar sem nefndust „Trúarlegar hreyfingar í Reykjavík tvo fyrstu áratugi 20. aldar“ í *Sögu* sem birtust 1980, 1981 og 1984. Hann vísar að vantrúarbylgjunni í fyrstu greininni. Niðurstöður hans voru á þá leið að íslenskir menntamenn hafi á síðustu áratugum 19. aldar almennt ekki haldið fram andkristilegum áróðri eða guðleysi og gagnrýni þeirra hafi verið hógvær miðað við það sem gerðist í öðrum löndum. Þó minnst hann á að undantekningarnar frá þessari reglu hafi verið Guðmundur og Þorsteinn.² Pétur fjallaði einnig um ritdeilu Guðmundar Hannessonar við Harald Níelsson og Jón Helgason í grein sem nefndist „Deilan um Þyrna Þorsteins Erlingssonar“ og birtist í *Ritröð Guðfræðistofnunar* 2006. Hún er góð úttekt og telur Pétur að Guðmundur hafi farið með sigur af hólmi í ritdeilunni.³

Íslenskir fræðimenn hafa almennt ekki fjallað ítarlega um trúleysi um aldamótin 1900 og er oftast skautað hratt yfir efnið. Í flestum ritum þar sem komið er inn á efnið er minnst á menntamenn eins og Hannes Hafstein sem voru undir áhrifum frá Brandes og stundum er fjallað um vantrúarkvæði Þorsteins Erlingssonar. Enga nákvæma úttekt á skoðunum trúleysingja um aldamótin hef ég fundið nema þá skrif Péturs Péturssonar um ritdeilu Guðmundar Hannessonar.

Afmörkun á tímabili rannsóknarinnar miðast við áratuginu fyrir og eftir aldamótin, en mest er skrifað um efnið á árunum 1894-1899. Áhrif vantrúarinnar má rekja til 1880 og því nær umfjöllunin á köflum aftur til þess tímabils.

² Pétur Pétursson: „Trúarlegar hreyfingar í Reykjavík tvo fyrstu áratugi 20.aldar“, bls. 194-198.

³ Pétur Pétursson: „Deilan um Þyrna Þorsteins Erlingssonar“, bls. 168.

Umræðan um trúmál breyttist eftir aldamótin vegna aukins frjálsslyndis íslensku þjóðkirkjunnar upp úr aldamótum, því er staðnæmst við fyrsta áratug 20.aldar.

Aðallega er notast við heimildir úr blöðum, tímaritum og kvæðum. Vafalaust mætti rannsaka trúarskoðanir einstakra manna enn nánar með því skoða bréfasöfn þeirra og persónulegri gögn en vegna stærðarmarka ritgerðarinnar er leitast við að kynnast trúarskoðunum manna eins og þær birtust opinberlega. Flestar heimildirnar fengust úr landsmálablöðunum *Bjarka*, *Fjallkonunni* og *Íslandi*, þar sem þau voru talin frjálsslynd á mælikvarða tímans. Þó er einnig notast við fleiri blöð eftir atvikum. Í köflunum um Guðmund og Þorstein er stuðst við önnur rit en blaðaskrif þeirra til að kanna trúarviðhorf þeirra. Aðallega eru þetta skrif samtíðarmanna um þá. Þetta er gert til að kynnast skoðunum þeirra enn nánar þar sem þeir skrifuðu opinskátt um trúleysi sitt.

Fyrst verður fjallað um sögulegan bakgrunn efahyggju og trúleysis erlendis. Svo verða aðstæður í trúmálum Íslendinga skoðaðar. Þar á eftir er fjallað um ritstjórana þrjá Jón, Valdimar og Þorstein Gíslason og viðhorf þeirra til trúarinnar skoðuð. Í síðustu tveimur köflunum verður fjallað ítarlega um Þorstein Erlingsson og Guðmund Hannesson og trúleysisorðræða þeirra greind.

1. Bakgrunnur

1.1 Hugtakið trúleysi

Rétt er í upphafi að skilgreina hugtökin sem eru til skoðunar. Vantrú er samkvæmt íslenskri orðabók skilgreind sem; „1 það að trúa e-u illa eða ekki 2 trúleysi eða guðleysi.“ Orðið trúleysi er ekki nefnt í orðabókinni en orðið trúleysingi er nefnt og er merkingin trúlaus maður. Guðsafneitari er sá sem afneitar tilveru guðs, trúleysingi. Eyja Margrét Brynjarsdóttir, lektor í heimspeki við Háskóla Íslands, telur trúleysingja vera þann „sem ekki hefur neina trú í skilningnum „traust og tilbeiðsla á goðmögnum eða vættum; trúarbrögð““. Það að vera trúlaus er sem sagt að vera laus við trú á guði eða yfirskilvitlegar æðri verur.“⁴

Eiginlegt trúleysi hefur þó ekki ætíð verið til. Franski sagnfræðingurinn Lucien Febvre hélt því fram í bók sinni *The Problem of Unbelief in the Sixteenth Century* að trúleysi, að afneita tilveru guðs, hafi verið ómögulegt fyrir Evrópumenn sextánda aldar. Allar aðgerðir fólks hafi verið með trúarlegu ívafi. Allt frá skírni til greftrunar vakti hin kristna kirkja yfir gerðum fólks. Engin vísindi afsönnuðu tilvist Guðs og engin heimspeki hafnaði tilveru hans. Því var ómögulegt fyrir Evrópubúa að ímynda sér að Guð væri ekki til þó að ræða mætti hin ýmsu guðfræðilegu vandamál um eðli hans. Það var ekki fyrr en við lok 18. aldar að örfáir Evrópumenn gátu hugsað sé að afneita guði.⁵ Hugtakið trúleysingi var notað fyrr á öldum sem skammarorð yfir þá sem höfðu aðrar skoðanir á Guði en maður sjálfur. Það þýddi ekki að sá sem var kallaður trúleysingi trúði ekki á neina guðshugmynd, það þýddi einungis að viðkomandi var með aðrar skoðanir á guddóminum en formælandinn. Hugtakið var því móðgun og engum myndi detta í hug að kalla sjálfan sig trúleysingja.⁶ Af þessum ástæðum má hafa í huga að ekki voru allir þeir, sem íslenskir trúmenn kölluðu vantrúarmenn, endilega trúleysingar. Þeir höfðu mögulega einungis frjálsslyndari hugmyndir um guddóminn enn þjóðkirkjan leyfði.

Trúlega hefur það verið mjög róttækt skref fyrir 19. aldar Íslendinga að gangast við því að vera trúleysingi. Í dag er þessi lífsskoðun tiltölulega lítið mál þar sem trúarbrögð eru ekki jafn stór hluti af lífi almennings og þau voru fyrr á öldum. Margir þeir sem telja sig trúaða nú á tímum fara aðeins til messu á jólnunum eða í fermingar og

⁴ Vef. Eyja Margrét Brynjarsdóttir. „Hver er skilgreiningin á trúleysingja?“

⁵ Armstrong, Karen: *A History of God*, bls. 330-331.

⁶ Armstrong, Karen: *A History of God*, bls. 331-332.

skírnir hjá ættingjum og kunningjum. En gera má ráð fyrir að trúleysi hafi verið mjög róttæk lífsskoðun á 19. öldinni. Þeir sem voru trúlausir eða höfðu uppi efasemdir um trúna eða kirkjuna opinberlega, mættu vafalaust töluverðri andstöðu. Enda sýnir sú staðreynd að aðeins þrír landsmenn gáfu upp enga trú í manntali 1880⁷ að fáir voru tilbúnir að gangast opinberlega við trúleysi eða voru í raun á þeirri skoðun.

1.2 Aðdragandi trúarefa erlendis

Nýir hugmyndastraumar kenndir við frelsi einstaklingsins og mannréttindi, sem áttu uppruna sinn að rekja til upplýsingarinnar eða jafnvel fyrr, léku um lönd Vestur-Evrópu á 19. öld. Framfarir í vísindum breyttu daglegu lífi fólks og hugarfar manna breyttist. Þessar breytingar höfðu þau áhrif að staða kirkjunnar sem skoðanamótandi valdastofnunar í samfélaginu veiktist víða. Í sveitasamfélaginu hafði kirkjunni reynst auðvelt að stjórna fólki en með hraðri þéttbýlismyndun og stækkun borga í kjölfar iðnbyltingarinnar gekk kirkjunni misvel að halda í við breytingarnar og missti áhrif yfir borgarbúum.⁸ Aukin mannréttindi veittu almenningi víða trúfrelsi, prentfrelsi og sú aukna útgáfustarfsemi sem því fylgdi gaf fólki tækifæri til að kynnast fleiri hugmyndum en bara þeim sem prestar kirkjunnar matreiddu ofan í það. Frelsi einstaklingsins var boðað af heimspekingnum John Stuart Mill og eitt af því sem hann lagði áherslu á, í hinu áhrifamikla verki *Frelsinu*, var trúfrelsi. Fleiri minni kristnir söfnuðir spruttu upp og fjölbreytni í trúarskoðunum varð meiri en áður hafði þekkt.

Vísindauppgötvanir höfðu áhrif á heimsmynd fólks. Darwin olli miklu fjaðrafoki um miðja 19. öld þegar hann kynnti sannfærandi rök fyrir því að dýrategundir jarðarinnar hefðu þróast en ekki verið skapaðar af Guði. Vísindamenn sýndu fram á að jörðin gat ekki verið jafn ung og haldið hafði verið fram í Biblíunni og vera mannsins á jörðinni því aðeins augnablik í jarðsögunni. Vísindin grófu undan kenningum kirkjunnar um eðli heimsins og sáðu korni efasemda í huga fólks um réttmæti hugmyndalegs forræðis kristinnar kirkju. Fyrst brást kirkjan við þessum vísindauppgötvanum með bannfæringum, hótunum og bönnum á „hættulegar“ bækur, en þegar leið á og fleiri uppgötvanir voru gerðar og frelsi manna jókst, minnkaði vald kirkjunnar til að hemja vísindamenn og aðra sem afsönnuðu eða gagnrýndu kenningar kristindómsins. Sú

⁷ Þórunn Valdimarsdóttir: *Til móts við nútímann*, bls. 45.

⁸ Ingi Sigurðsson: *Erlendir straumar og íslensk viðhorf*, bls. 157-158.

viðleitni presta til að tala áfram um Guð og sögur Biblíunnar eins og hverja aðra vísindalega staðreynd, olli því að menn sem gátu ekki komið Guði fyrir í þeirri heimsmynd sem vísindin sköpuðu, gerðust stundum trúleysingjar.⁹ Margar af áðurnefndum vísindakenningum, sérstaklega þróunarkenning Darwins, öfluðu efnishyggju fylgis og höfðu þau áhrif að pósitívismi og jafnaðarstefna nutu aukinna vinsælda.¹⁰

Á seinni hluta 19. aldar fór að gæta áhrifa raunsæisstefnu í bókmenntum í Danmörku og síðar í Noregi. Forvígismenn stefnunnar voru t.a.m Georg Brandes í Danmörku og Henrik Ibsen í Noregi. Skáldverk urðu að endurspegla raunveruleikann. Alþýðufólk og fátæklingar voru oft aðalpersónur og pólitískur boðskapur vanalega fólgin í verkum höfunda.¹¹ Í ritum margra raunsæishöfunda má finna sterka gagnrýni á kirkjuna og sums staðar á trúarbrögð yfir höfuð. Ein af rótum hugmynda Brandesar má rekja til pósitívisma Auguste Comte sem taldi það aðeins til þekkingar sem var byggt á raunvísindalegum grundvelli.¹² Brandes var einn af þeim sem gagnrýndi kirkjuna harðlega og hafði þessi stefna þó nokkur áhrif á Norðurlöndum og þar á meðal Íslandi.

1.3 Trúarlíf á Íslandi

Gamla bændasamfélagið á Íslandi, sem staðið hafði að mörgu leyti óbreytt um aldir, gekk í gegnum breytingar á nokkrum sviðum. Stjórnmalalega voru Íslendingar að byrja að berjast fyrir aukinni sjálfstjórn undan valdi Dana. Íbúum landsins voru fengin aukin réttindi með stjórnarskrá 1874. Búsetuhættir voru að breytast, þéttbýlismyndun átti sér stað og höfuðstaðurinn Reykjavík varð til. Atvinnuhættir og atvinnuskipting breyttust vegna þéttbýlismyndunar. Með stóraukinni blaða- og tímaritaútgáfu á síðustu áratugum aldarinnar fékk almenningur auknar og tíðari fréttir af tæknilegum framförum og nýjustu hugmyndastraumum sem léku um heiminn. Á árunum 1870-1900 voru gefin út ekki færri en 290 íslensk blöð og tímarit á Íslandi, Danmörku og í Vesturheimi.¹³ Nútíminn gæðist inn til Íslands og kirkjunnar menn urðu þess varir að tímarnir voru að breytast.

⁹ Armstrong, Karen: *A History of God*, bls. 331-335.

¹⁰ Ingi Sigurðsson: *Erlendir straumar og íslensk viðhorf*, bls. 158.

¹¹ Ingi Sigurðsson: *Erlendir straumar og íslensk viðhorf*, bls. 280.

¹² Ingi Sigurðsson: *Erlendir straumar og íslensk viðhorf*, bls. 279.

¹³ Þórunn Valdimarsdóttir: *Horfinn heimur*, bls. 28.

Fram til loka 19. aldar var ekki mikil fjölbreytni í trúarlífi Íslendinga. Lútherska þjóðkirkjan hafði sterk ítök í landinu og annars konar kristlegt trúboð bar lítinn árangur. Kapólikkar og mormónar höfðu reynt trúboð í landinu áður en trúfrelsi var leitt í lög með stjórnarskrá 1874, en lítill sem enginn árangur orðið á þeirra starfi. Kapólikkar voru með ýmsa starfsemi í landinu um aldamótin 1900, byggðu skóla og spítala, en árangurinn af sálnaverðunum var lítill. Flestir kapólikkar í landinu voru erlendir. Hjálpræðisherinn var fámennur. Sjöunda dags aðventistar reyndu trúboð á tíunda áratug 19. aldar undir forystu norskættaðs manns, David Östlund. Þeir höfðu ekki erindi sem erfiði og þegar aðventistar voru viðurkenndir sem trúarsöfnuður 1908 skráðu aðeins 32 manns sig í söfnuðinn.¹⁴ Lítur út fyrir að fáir Íslendingar hafi nýtt sér trúfrelsið sem þeir fengu 1874. Þeir voru lítt ginkeyptir fyrir erlendum trúarhreyfingum fyrst um sinn og héldu sig við þjóðkirkjuna eða andvaraleysi í trúmálum.

Þjóðkirkjan stóð föst í sessi og var nánast einráð í trúmálum. Á níunda áratug 19. aldar verða nokkrir þættir þess valdandi að breyting verður á stöðu kirkjunnar innan samfélagsins. Pétur Pétursson hefur bent á nokkra af þessum þáttum og eru þeir t.a.m. fækkun í prestastéttinni, þéttbýlismyndun sem leiddi til minna valds presta og ábyrgð þeirra í félagslegum aðstæðum fólks fór minnkandi. Aukin sérhæfing í stjórnsýslu olli því að hlutverk presta í stjórnsýslunni og menntakerfinu minnkaði og aðskilnaður margra menntamanna frá kirkjunni og kynni þeirra af erlendum hugmyndastráum bauð upp á aukna hugmyndalega fjölbreytni.¹⁵ Svokölluð afhelgun (e. *secularization*) átti sér stað í samfélaginu. Þrátt fyrir að Pétur minnst á minnkandi áhrif presta, má þó ekki gleyma að þeir höfðu enn töluvert vald á síðustu áratugum 19. aldar. Margir þeirra voru kosnir alþingismenn og þeir gegndu enn mikilvægu hlutverki sem uppfræðarar. En nú var kominn grundvöllur fyrir því að hlutverk þeirra færi minnkandi.

Óánægjuraddir frá prestum fóru að hljóma undir lok 19. aldar. Sumir töldu andlegt líf í landinu vera í ládeyðu og töldu að eitthvað þyrfti að gera í málinu. Þessar raddir komu sérstaklega frá íslenskum prestum sem flutt höfðu til Vesturheims og hafði sú umræða áhrif á Íslandi.¹⁶ Í Vesturheimi var engin þjóðkirkja. Þar voru söfnuðir stofnaðir þar sem safnaðarmeðlimir höfðu meiri áhrif og ábyrgð innan kirkjustarfsins heldur en í þjóðkirkjunni heima á Íslandi. Söfnuðir réðu og ráku presta eftir eigin

¹⁴ Ingi Sigurðsson: *Erlendir straumar og íslensk viðhorf*, bls. 171.

¹⁵ Pétur Pétursson: *Church and Social Change*, bls. 173.

¹⁶ Pétur Pétursson: „Trúarlegar hreyfingar í Reykjavík tvo fyrstu áratugi 20.aldar“, bls. 186-197.

hentugleika. Þetta fyrirkomulag hafði áhrif á Íslandi sem endurspegladist í fríkirkjuhreyfingunni. Fríkirkjumenn vildu aukið lýðræði og jöfnuð í safnaðarstarfinu og aukið frjálsslyndi í trúmálum. Fyrsti fríkirkjusöfnuðurinn var stofnaður á Reyðarfirði 1883 og síðar annar í Reykjavík 1899. Talið er að um þriðjungur Reykvíkinga hafi verið í fríkirkjusöfnuðinum 1905.¹⁷ Bent hefur verið á tengslin á milli fríkirkjuhreyfingarinnar og þjóðfrelsisbaráttu Íslendinga þar sem þjóðkirkjan var í raun hluti af danska stjórnkerfinu á Íslandi. Sú tenging skýrir þann áhuga sem var fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju um og eftir aldamótin 1900. Til dæmis má nefna að biskup Íslands var konunglegur embættismaður og sat á Alþingi sem konungskjörinn þingmaður.¹⁸ Frjálsslyndi í trúmálum var eitt af þeim málefnum sem rætt var um

1.4 Hræringar í trúarlífinu

Almenningur tók eftir hræringum í andlega lífinu. Í marsmánuði 1887 birtist aðsend grein í tveimur hlutum í Fjallkonunni en hún fjallaði um trúarlega kennslu barna. Höfundur segir grein sína vera „sýnishorn af skoðunum nokkurra, enda alþýðumanna hér á landi“ og skrifar undir greinina með dulnefninu X. Tilgangur greinarinnar segir höfundur vera að; „leitast við að færa kenningar og kyrkjusiði *nær anda Krists*.“¹⁹ Höfundur gagnrýnir efnið í kverinu sem börnum var skylt að læra fyrir fermingu. Honum þykir of mikil áhersla vera lögð á túlkanir guðfræðinga, sem á köflum samræmast ekki rannsóknum vísindanna. Guðfræðilegum skoðunum er blandað saman við sannindi trúarinnar og er framsetningin þurr og óspennandi. Það er þess valdandi að börn fara að efast um trúna þegar kemur á daginn að sumar kenningar guðfræðinganna standast ekki nánari skoðun. Betra væri að kenna aðeins nokkur einföld trúarsannindi.²⁰ Höfundur heldur áfram og telur kirkjuna sjálfa eiga hlut að máli vegna aukinnar vantrúar í landinu. Hann gagnrýnir kirkjuna fyrir íhaldssemi og kemur með tillögur til

¹⁷ Ingi Sigurðsson: *Erlendir straumar og íslensk viðhorf*, bls. 167.

¹⁸ Pétur Pétursson: „„Vér undirskrifaðir““, bls. 259-260.

¹⁹ „Bendingar um trúarkenslu o.fl.“, bls. 30.

²⁰ „Bendingar um trúarkenslu o.fl.“, bls. 25-26.

bóta. Þær eru að losa kirkjuna undan erlendu valdi og fela söfnuðum einvald yfir kenningum og kirkjusiðum í sínum söfnuði.²¹

Skoðanir X og féлага hans á kirkjumálum í landinu voru ekkert einsdæmi á þessum tíma. Sumir prestar íslensku þjóðkirkjunnar deildu áhyggjum X af deyfð trúarlífsins og aukinni vantrú í landinu. Valdimar Ásmundsson ritstjóri *Fjallkonunnar* birti í blaði sínu 1889, brot úr bréfi sem honum barst frá ungum presti sem ekki vildi láta nafns síns getið. Skoðanir hans eru mjög gagnrýnar á kirkjuna. „Lúterska kirkjan hjá oss er komin í doða undir hinu andadrepani veraldlega valdi, og söfnuðirnir því orðnir sofandi. Þótt menn ekki afneiti trúnni hreint og beint, þá er hún þó dáðlaus án lífsfjörugrar framkvæmdar í verkinu.“²² Ungi presturinn gagnrýnir veraldlegt vald yfir kirkjunni og þá staðreynd að prestar þurfi að halda í gamlar úreltar kenningar Lúters og annarra manna um trúna. Hann vill fá meiri frelsi til handa prestum til að predika eftir sinni eigin sannfæringu og talar meðal annars um ástandið sem „nauðungarkristindóm.“ Hann vill auk þess „reforma“ prestaskólana og hleypa ekki neinum „mannsvinum“ inn í þá eins og hann orðar það. Ungu prestinum var svarað harðlega þremur mánuðum síðar í *Fjallkonunni* af séra Benedikt Kristjánssyni á Grenjaðarstað. Benedikt segir um skrif unga prestsins að þau séu innblásinn af unggæðingshætti sem vill rífa niður það sem fyrir er og bjóða ekkert betra í stað hins gamla. Hann spyr unga prestinn af hverju hann hefði gerst prestur í hinni lúthersku kirkju ef hún sé eins slæm og hann lýsir henni. „Þú þiggur laun af þeirri kirkju, sem þú virðist fyrirvíla“²³, skrifar Benedikt og minnir á að umbætur í kirkjunni muni gerast hægt og rólega. Hann telur þjóðina ekki tilbúna fyrir kirkjulegt frelsi þó að æskilegt sé fyrir presta landsins að stefna að því.

Sem dæmi um að landsmenn hafi haft áhuga á frjálslýndum viðhorfum í trúmálum er „Brjef að norðan“, sem ónefndur fréttaritari *Bjarka* skrifar í blaðið 1897. Hann byrjar á því að kvarta undan því að lítil andleg hreyfing sé í Eyjafirðinum en er glaður með að eitthvað líf sé að kvikna á Akureyri þar sem Guðmundur Hannesson læknir hafi stofnað málfundafélag. Misvel var mætt á fundi en tveir fundir vöktu nokkra athygli. Björn Bjarnason guðfræðingur hélt fyrirlestur um guðlega opinberun og sagði að margir vísindamenn fyrr á öldum hafi verið trúmenn. „Þeir hefðu haft heilbrigða skynsemi og þess vegna stríddi það ekki móti heilbrigðri skynsemi. Var dálítið rætt um

²¹ „Bendingar um trúarkenslu o.fl.“, bls. 30.

²² „Álit ungs prests um kirkjulífið“, bls. 121.

²³ Benedikt Kristjánsson: „Til unga prestsins í 31. bl. Fjallk. 1889“, bls. 5.

þennan fyrirlestur á fundinum og þótti mörgum einkennileg þessi röksemdaleiðsla.²⁴ Í kjölfar þessa fundar hélt maður að nafni Jóhannes Sigurðsson fund þar sem hann kynnti trúarskoðanir sínar. Það var húsfyllir og voru skiptar skoðanir um hvort hann seildist heldur langt í átt til vantrúar. „En flestum skynberandi mönnum fanst að þar hefði als ekkert guðleysi fram komið en að þar hefði aðeins verið lýst hinum nýju skoðunum: „unitarismus“, „agnosticismus“ og „monismus.“²⁵ Fréttaritarinn telur þetta benda til þess að Akureyringar séu nokkuð frjálsglega hugsandi í trúarefnum. Af þessari frétt má draga þá ályktun að vantrúarumræðan snerti fleiri en menntamenn og presta. Margir nýir hugmyndastraumar bárust til Íslands á seinni hluta 19. aldar og margir þeirra tengust þjóðfrelsisbaráttunni. Trúfrelsi og frjálslýndi í trúarefnum voru hluti af þeim pólitísku málefnum sem vinstrimenn á Íslandi tileinkuðu sér. Það fól stundum í sér andstöðu við kirkjuna og kristinna trú.²⁶

Skrif unga prestsins og Benedikts eru ágætt dæmi um þá togstreitu sem ríkti á milli gamla skipulagsins og nýrra hugmynda sem komu til landsins. Augljóslega var erfitt fyrir óánægða presta að deila á kirkjuna opinberlega þar sem þeir voru háðir henni um lífsviðurværi. Þess vegna voru flestir prestar undir lok 19. aldar frekar hlýðnir yfirboðurum sínum og kvörtuðu ekki opinberlega undan skipan kirkjumála.²⁷

1.5 Óttinn við vantrúna

Séra Valdimar Briem hefur áhyggjur af því í *Kirkjublaðinu* 1896 að sumir landar hans, menntamenn, „vilja aptur afnema kristnina og gjöra landið heiðið að nýju.“²⁸ Valdimar á ekki við heiðni í þeim skilningi að þeir vilji dýrka Þór og Óðinn, heldur trú á mátt sinn og megin sem er í raun trú á ekki neitt að mati Valdimars. Hann telur svo upp það góða sem kirkjan hefur unnið í landinu. Þrátt fyrir að misjafnir menn hafi gegnt stöðum í klerkastéttinni þá hefur kirkjan afstýrt deilum, bætt siðferði, verndað alþýðu gegn veraldlegu valdi og gert vel í menntun þjóðarinnar að mati Valdimars. Hann segist þó ekki trúa því að þessum menntamönnum takist ætlunarverk sitt. „Þó að þessir menn, sem álíta kristindóminn standa þjóðinni fyrir þrifum, taki á allri sinni málsnilld, öllum sínum gáfum og öllu, sem þeir hafa til, þá tekst þeim þetta ekki, — tekst aldrei að

²⁴ „Brjef að norðan“, bls. 59.

²⁵ „Brjef að norðan“, bls. 59.

²⁶ Gunnar Karlsson: *Frelsisbarátta Suður-Þingeyinga og Jón á Gautlöndum*, bls. 192-193.

²⁷ Pétur Pétursson: „Trúarlegar hreyfingar í Reykjavík tvo fyrstu áratugi 20.aldar“, bls. 186.

²⁸ Valdimar Briem: „„Að afkristna landið““, bls. 149.

afkristna landið.²⁹ Skrif Valdimars bera með sér að hann óttast áhrif vantrúarinnar. Hann telur umrædda menntamenn vera undir áhrifum erlendra höfunda og telur þá þekkja illa ritninguna og sannleikann sem hún hefur að geyma. Það má greina í orðum Valdimars að hann telji þennan hóp menntamanna í raun og veru ógna kirkjunni þó að hann telji að ætlunarverk þeirra, að „afkristna landið“, takist ekki.

Þessi hópur menntamanna sem Valdimar minnst á voru þeir Hafnarstúdentar sem urðu fyrir áhrifum frá Dananum Georg Brandes. Raunsæi í bókmenntum var aðalatriði „Brandesaröldunar“ sem barst með menntamönnunum og gagnrýni á kirkjuna var hávær. Mörgum prestum á Íslandi stóð ógn af Brandes og talaði Helgi Hálfðanarson, prestaskólakennari um hann sem sendiherra djöfulsins, svarinn fjandmann Guðs, kristinnar trúar og kristilegs siðgæðis.³⁰ Séra Árni Þórarinsson talaði um að Brandes hefði drepíð vissa íslenska áhangendur sína vegna þess mikla sálarálags sem fylgdi skoðunum hans.³¹ Þrátt fyrir þetta átti Brandes dygga stuðningsmenn og aðdáendur meðal íslenskra menntamanna ekki síst vegna stuðnings Brandesar framan af við sjálfstæðisbaráttu Íslendinga.

Talið er að skáldin sem stóðu að tímaritinu *Verðandi* 1882, Bertel Þorleifsson, Einar Hjörleifsson, Gestur Pálsson og Hannes Hafstein hafi flutt þessa stefnu til Íslands. Þó er örðugt að flokka þessa menn sem róttæka trúleysingja þótt sumir þeirra hafi gagnrýnt presta og kirkjuna öðru hvoru. Þorsteinn Gíslason lýsti því hins vegar yfir í *Sunnanfara* 1894, í umfjöllun um kvæði Hannesar Hafsteins og Einars Hjörleifssonar, „að báðir eru þeir „ápeistar“ (guðleysingjar).“³² Þetta taldi Þorsteinn mega lesa út úr ljóðum þeirra. „Systurlát“ eftir Hannes og „Endurminningar“ og „Sjötta ferð Sindbaðs“ eftir Einar. Ekki verða þeir þó dæmdir trúleysingjar af þessum ummælum Þorsteins. Hannes einbeitti sér aðallega að stjórnmalunum síðar og tjáði sig lítið um trúmál. Einar gifti sig 1885 í Danmörku. Athöfnin var borgaraleg og fór fram í ráðhúsi Kaupmannahafnar. Í hjónavígsluskránni kemur fram að hjónin kjósi borgaralega vígslu „vegna þess að brúðguminn viðurkennir engin þau trúarbrögð sem játuð eru í ríki Danakonungs.“³³ Þrátt fyrir andóf Einars gegn kirkjunni á yngri árum þá gerðist hann sannfærður spíritisti upp úr aldamótum og taldi að í spíritismanum mætti finna sannanir

²⁹ Valdimar Briem: „„Að afkristna landið““, bls. 151.

³⁰ Þórunn Valdimarsdóttir: *Kristni á Íslandi* IV, bls. 44.

³¹ Þórunn Valdimarsdóttir: *Kristni á Íslandi* IV, bls. 44.

³² Þorsteinn Gíslason: „Um ritdóma og ní kvæði III“, bls. 86.

³³ Gils Guðmundsson: *Í nærveru sálar*, bls. 42.

fyrir upprisu Jesú Krists.³⁴ Einar var því greinilega ekki alveg trúlaus þegar líða tók á ævina.

Annað skáld má nefna sem sótti ekki áhrif sín til Brandesar en var þó róttækt í vantrúarkvæðum sínum. Það skáld var Stephan G. Stephansson sem fluttist ungur að árum til Vesturheims og bjó þar til æviloka. Hann var einn af stofnendum félags Íslendinga í Dakota 1888, sem nefndist Menningarfélagið og hafði það opinbera markmið að styðja og útbreiða menningu, siðferði og trú sem byggist á reynslu, þekkingu og vísindum.³⁵ Þar hittust menn og fræddu hvorn annan um nýjustu straua og stefnur í hugsun og vísindum. Félagið var umdeilt meðal sumra trúmannna Vestanhafs og var gagnrýnt fyrir að vera „stofnað til höfuðs kristindómi.“³⁶ Stephan var einna róttækastur félagsmanna og tók opinberlega afstöðu gegn trúnni eftir að hafa verið fullur trúarefa um langt skeið.³⁷ Eftir Stephan liggja mörg kvæði þar sem hann ræðir þessa lífsskoðun sína. Kvæðið „Framþróun“ sem Stephan orti 1875 skýrir í stuttu máli lífsskoðun Stephans:

Í æsku tók ég eins og barn
alheimskunnar trúna.
Með aldri varð ég efagjarn.
Engu trúi ég núna.³⁸

Íslenskir fylgismenn Brandesar og fleiri gagnrýndu kirkjuna fyrir kreddufestu á síðustu áratugum 19. aldarinnar. Skiljanlega stóð prestum landsins stuggur af þessari gagnrýni þó að trúleysi hafi ekki verið boðað berum orðum. Þórhallur Bjarnason sem tók við embætti biskups 1909, vann að því að efla kirkjuna sem frjálslýnda, umburðarlynda og þjóðlega stofnun en það voru einmitt markmið yngri guðfræðinga sem létu til sín taka með hina nýju frjálslýndu guðfræði upp úr aldamótum.³⁹ Áðurnefnd gagnrýni rénaði mjög upp úr aldamótum er frjálslýnda guðfræðin færði viðhorf kirkjunnar í nútímalegra horf.⁴⁰ Þrátt fyrir að fáir af fylgismönnum Brandesar hafi orðið algjörlega trúlausir var frjálslýndi í trúmálum þeim hjartans mál. Margir litu á kirkjuna, íhaldssemi hennar og kreddur sem hindrun fyrir þeim framförum sem þeir töldu þjóðina eiga í vændum.

³⁴ Gils Guðmundsson: *Í nærveru sálar*, bls. 156.

³⁵ Viðar Hreinsson: *Landneminn mikli*, bls. 290.

³⁶ Viðar Hreinsson: *Landneminn mikli*, bls. 292.

³⁷ Viðar Hreinsson: *Landneminn mikli*, bls. 299.

³⁸ Stephan G. Stephansson: *Andvökur*, bls. 479.

³⁹ Pétur Pétursson: „„Frelsi landanna““, bls. 154.

⁴⁰ Þórunn Valdimarsdóttir: *Kristni á Íslandi IV*, bls. 44.

Tengd þessum framfarahug var mikil gróska í blaðaútgáfu á Íslandi um aldamótin 1900. Sjö landsmálablöð voru gefin út aldamótaárið 1900. *Austri* og *Bjarki* á Seyðisfirði, *Fjallkonan*, *Ísafold* og *Þjóðólfur* í Reykjavík, *Stefnir* á Akureyri og *Þjóðviljinn* á Ísafirði. Ásamt þeim voru mörg minni blöð gefin út víða um landið. Mest allt efnið í þessum blöðum var skrifað af ritstjórunum en öðru hvoru voru birtar aðsendar greinar. Framboð á blöðum var í engu samræmi við eftirspurn og því mikil samkeppni. Til vitnis um það hættu þrjú blöð að koma út í Reykjavík 1899, *Dagskrá*, *Nýja Öldin* og *Ísland*.⁴¹ Þó stóðu þrjú blöð enn eftir. Blaðamennskan var hark og ekkert til sem hét auðfenginn gróði í þeirri grein.

Blöðin gáfu ritstjórunum færi á að predika skoðanir sínar fyrir lýðnum. Hvort sem menn kusu að nýta þetta tækifæri til að fjalla um stjórnsmál eða fræða alþýðuna um nýjustu hugmyndastefnur heimsins fór allt eftir ritstjórunum sjálfum. Vald blaðanna sem skoðanamótandi afls kom sem mótvægi við vald presta og yfirvalda. Blaðamennirnir voru hin veraldlega prestastétt.⁴² Ritstjórnarnir voru margir róttækir í skoðunum eins og til dæmis þeir Jón Ólafsson, Valdimar Ásmundsson, Þorsteinn Erlingsson og Þorsteinn Gíslason. Enginn þeirra hikaði við að fjalla um trúsmál og þeir voru opnir fyrir hugmyndastraumum samtímans.

Vantrúaralda nam land á Íslandi á síðustu áratugum 19. aldar. Tildirög hennar má rekja til Brandesar, vísindahyggju, hugmynda um frjálsslyndi, umburðarlyndi og frelsi í trúsmálum og aukinnar afhelgunar í samfélaginu. Mörgum þótti lægð liggja yfir hinu andlega landslagi og ótti við áhrif vantrúarinnar var til staðar. Aðrir voru ánægðir með minnkandi vald kirkjunnar, gagnrýndu kreddur hennar og boðuðu frjálsslyndi í trúsmálum. Þó verður að hafa í huga að ekki voru margir sem viðurkenndu trúleysi opinberlega. Samkvæmt manntölum gáfu aðeins þrjú upp enga trú 1880, tólf 1890 og 1900 voru þeir rúmlega sextíu.⁴³

⁴¹ Guðjón Friðriksson: *Nýjustu fréttir!*, bls. 84.

⁴² Þórunn Valdimarsdóttir: *Horfinn heimur*, bls. 27.

⁴³ Þórunn Valdimarsdóttir: *Kristni á Íslandi IV*, bls. 45.

2. Gagnrýni á kristna trú

2.1 Matthías Jochumsson

Nokkrir nafnkunnir menn boðuðu frjálsslyndi í trúarskoðunum um aldamótin og fóru þær skoðanir oft saman við frjálsslyndi eða róttækni í stjórnmálaskoðunum. Þetta frjálsslyndi fór oft saman við gagnrýni á kirkjuna og kenningar hennar.

Einn frjálsslyndasti prestur landsins var séra Matthías Jochumsson. Hann hafði verið trúboði fyrir únitara frá 1874, trúarhreyfingu fólks sem trúði ekki á guðdómleika Jesú, en varð aftur lúterskur prestur 1881. Hann var víðsýnn maður sem hafnaði ýmsum kreddum kirkjunnar og vildi leggja áherslu á kærleiksboðskap Guðs í stað bókstaflegrar túlkunar Biblíunnar. Hann hafnaði útskúfunarkenningu kirkjunnar opinberlega og hlaut ákúrir frá Hallgrími Sveinssyni biskupi sem leiddi til opinberrar afsökunarbeiðni Matthíasar. Þrátt fyrir það dró hann orð sín aldrei til baka um útskúfunarkenninguna. Hann var góður vinur Guðmundar Hannessonar læknis, sem var yfirlýstur trúleysingi. Þeir ræddu oft trúmál sín á milli.⁴⁴ Í einkabréfi 1890 segist Matthías vera „Darwins vinur og trúa á evolution þeirra Spencers.“⁴⁵ Matthías var of frjálsslyndur og víðsýnn til að geta talist dæmigerður prestur

Fáir gátu leyft sér að halda fram skoðunum svipuðum þeim sem Matthías hafði og haldið hempunni. Hluti ástæðunnar fyrir tjáningarfrelsi hans hjá kirkjuyfirvöldum var sú virðing sem Matthías naut hjá þjóðinni vegna sinna vinsælu sálma og ljóða. Gagn hans var meira en ógagn frá sjónarhorni kirkjunnar.⁴⁶

Matthías var sá frjálsslyndasti í röðum presta en þó er engan veginn hægt að kalla hann trúleysingja. Trú hans á Guð var óumdeilanleg, þótt skoðanir hans þættu róttækar. Aðrir sem tjáðu sig opinberlega um trúmál og tilheyrðu ekki prestastéttinni gátu leyft sér meiri efasemdir um trúna og kristna kirkju.

2.2 Valdimar Ásmundsson

Valdimar Ásmundsson var ritstjóri Reykjavíkurblaðsins *Fjallkonunnar*. Hann fór ekki utan til náms en hafði menntað sig sjálfur og var mikilvirkur fræðimaður.⁴⁷ Blaðið var frekar róttækt og frjálsslynt en um leið hlutlaus aðili í hinum ýmsu málum. Þar var

⁴⁴ Níels Dungal: *Guðmundur Hannesson prófessor*, bls. 15.

⁴⁵ Þórunn Valdimarsdóttir: *Upp á sigurhæðir*, bls. 484.

⁴⁶ Þórunn Valdimarsdóttir: *Upp á sigurhæðir*, bls. 484.

⁴⁷ Þórunn Valdimarsdóttir: *Horfinn heimur*, bls. 31.

fjallað þó nokkuð um trúmál og var ritstjóri oft ómyrkur í máli er hann gagnrýndi íslensku kirkjuna. Þórunn Valdimarsdóttir, sem fjallað hefur um ritstjóra landsmálablaðanna, orðar það þannig að andúð *Fjallkonunnar* á kirkjunni hafi komið sterkt fram á síðum blaðsins.⁴⁸ Hugmyndir Valdimars um trúarbrögð og Guð má lesa skýrt úr grein sem hann skrifar 1887 sem nefnist „Framför trúarbragðanna.“ Þar gagnrýnir Valdimar þá ófullkomnu guðshugmynd sem trúarbrögð heimsins boða og keppast um réttmæti þeirra eigin hugmynda. Trúarbrögðin eru sprottin upp úr fornum hugsunarhætti sem á ekki lengur við þar sem við vitum meira um heiminn í dag en við gerðum í fyrndinni. Hann ræðir síðan um þróun og sögu trúarbragðanna og hvernig allt þeim tengt á uppruna sinn í takmörkuðum mannhuganum. Síðan rekur hann hvernig hugmyndir um djöfla og baráttu Guðs gegn djöflinum hafi orðið vinsæl á miðöldum en í dag sé það sannað með rökfræðinni að ekkert rúm sé fyrir djöflana í heiminum. Hann telur mennina ekki þess megnuga að skilja Guð nema að takmörkuðu leyti.

Alt og sumt, sem vér getum, er að eigna hinum persónulega guði þá æðstu eiginleika, er vér sjálfir þekkjum, og þeir eru eins og allir vita: eilífð og óumbreytanleiki, alstaðarnálægð, algæzka og réttlæti. Enn þessir eiginlegleikar nægja samt til að víkka, hækka og hreinsa guðs hugmynd vora meir og meir, að sama skapi sem þekking vor á alheiminum verður víðtækari, og að sama skapi sem hugmynd vor um algæzku og réttlæti verður hreinni. Og þar af hlýtr ósjálfrátt að leiða, að alt sem kemr í mótsögn við þessa auknu þekkingu og þessa hærri siðferðislegu hugmynd, það verður að hreinsast burt úr guðs hugmynd vorri.⁴⁹

Valdimar fjallar síðan um hvernig prestar og kirkja nútímans geti ekki starfað með þessa guðshugmynd þar sem hendur þeirra eru bundnar við gamla siði og úreltan hugsunarhátt. Hann telur að ný félög þurfi að stofna vegna þessarar þróunar guðshugmyndarinnar. Hið nýja verður að reisa á hinu gamla. „Þó mikið kunni að vera til af verulegri „vantrú“ í hinu nýja, þá finst þar líka mikið af djúpri og innilegri sannleikspörf; þótt mikið sé af veraldlegu hugarfari í hinu gamla, þá er þar og jafnframt mikið af sannri guðrækni og sannfæringu.“⁵⁰ Hér kemur tilhneigð Valdimars til hlutleysis fram. Hann hvetur hvorn hópinn fyrir sig til að sjá það jákvæða við hinn.

⁴⁸ Þórunn Valdimarsdóttir: *Horfinn heimur*, bls. 43.

⁴⁹ Valdimar Ásmundsson: „Framför trúarbragðanna“, bls. 87.

⁵⁰ Valdimar Ásmundsson: „Framför trúarbragðanna“, bls. 87.

Til að sýna enn betur afstöðu Valdimars til trúmála, má skoða andsvar hans í *Fjallkonunni* við grein sem nafnleysingi hafði fengið birt um hann í *Þjóðólfi*. Tilefnið var að Valdimar hafði skrifað grein⁵¹ um trúarlega rit og hve vel væri búið að sanna að margar sögur Biblíunnar stæðust ekki. Þrátt fyrir það taldi Valdimar nokkur ódauðleg sannindi fólgin í Biblíunni. Nafnlaus greinarhöfundurinn í *Þjóðólfi* hélt því fram að hlutir í þessari grein hafi verið rangir. Valdimar svarar því og segir þetta um skoðanir *Fjallkonunnar*, sem eru væntanlega þær sömu og hans eigin:

„Fjallk.“ vill gefa gaum rannsóknum vísindanna. Þótt þær komi í bága við skoðanir í Mósesbókum eða öðrum ritum gl. testamentisins. Hún vill ekki skríða undir brekan vannþekkingarinnar, starblind fyrir ljósi vísindanna. Hún treystir á afl sannleikans og óttast eigi að vísindin sópi kristindómi og siðgæði burt úr heiminum. Nei, vísindin geta fyllilega samrýmst frummsetningum kristindómsins.⁵²

Valdimar heldur svo áfram og segir að í *Fjallkonunni* hafi frá upphafi verið haldið uppi merki kristindómsins í umfjöllun um „heiðinglegar stefnur, hræsni og siðleysi aldarinnar“.

Valdimar er mjög gagnrýninn í greinum sínum en jafnframt hlutlaus. Hann trúir á einhvern guð en telur mennina ekki vera þess búna að skilja eðli hans og því eru engin trúarbrögð sem hafa að bera réttu formúluna. Hann er því augljóslega ekki guðleysingi, hann vill einungis öðruvísi trú. Hann trúir á mátt vísindanna og framfara eins og margir fleiri fríþenkjandi menn gerðu um þetta bil og vill að sinn guð geti verið samrýmanlegur sannleikanum.

2.3 Jón Ólafsson

Jón Ólafsson ritstjóri tjáði sig þó nokkuð um trúmál og fleiri hugðarefni sín í landsmálablöðunum. Hann var ritstjóri fjölda blaða, var þingmaður í nokkur ár, flúði land vegna meiðyrðamála sem hann stóð í við ýmsa menn, bjó í Kanada og Bandaríkjunum og stjórnaði könnunarleiðangri um Alaska fyrir Bandaríkjastjórn svo eitthvað sé nefnt varðandi viðburðarríka ævi hans. Hann skrifaði mikið um stjórnsmál og þótti mikilvægt að fræða alþýðu um nýjustu tækni og vísindi. Hann þýddi *Frelsið* eftir

⁵¹ Valdimar Ásmundsson: „Sannleikrinn í kristindóminum“, bls. 2-3.

⁵² Valdimar Ásmundsson: „Þjóðólfr og kristindómurinn“, bls. 71-72.

John Stuart Mill og skrifaði greinar, þar sem hann útskýrði þróunarkenningu Darwins fyrir alþýðu. Framfarasinnaðri og frjálslyndari manni var vart hægt að finna í landinu um aldamótin 1900 en Jón Ólafsson.

Stundum er erfitt að túlka trúarskoðanir hans en það er á hreinu að þær rúmuðust ekki innan hinnar íslensku lúthersku þjóðkirkju. Hann var gagnrýninn á þjóðkirkjuna og hafði sínar persónulegu skoðanir um guðdóminn. Jón ritstýrði blaðinu *Nýju öldinni* og 1897 skrifaði hann dóm um kristilega tímaritið *Verði ljós* sem séra Jón Helgason gaf út. Honum fannst ekki mikið til tímaritsins koma og taldi sig hafa orðið „að ýmsu fróðari, en því miðr engu kristnari“⁵³ við lestur blaðsins. Hann ræðir svo um áhugaleysi fyrir kirkjunni sem birtist í lélegri mætingu í messur landsins. Þessi trúardeyfð kemur Jóni ekki á óvart því hann taldi að: „*Þrjúgyðis*-trúin er smátt og smátt að hverfa fyrir *eingyðistrú* („unitarism“), og getr enginn ætlazt til að vér teljum það mein, þar sem vér erum þeirrar trúar sjálf.“ Í lok greinar bendir Jón á að sá sem dæmir mennina muni frekar gá að verkum þeirra en trúarjátningu. En hver er þessi Guð?

Jón ræðir það í greinarkorni í *Nýju öldinni* 1899 hvort hann sé ekki að gera mönnum ógagn með því að kynna alþýðuna fyrir vísindauppgötvunum. Slíkt telji sumir aðeins geta leitt til trúleysis og guðleysis. Hann blæs á slíkar fullyrðingar og segir að Biblíusögurnar séu hvort eð er úreltar þjóðsögur sem enginn trúir lengur. Hann vill efla þekkingu alþýðunnar á náttúrunni svo að hún átti sig á því hve stórkostlegur alheimurinn er og hve lítilmótleig við erum í samanburði við hana. „Þekking á náttúrunni gefur manni göfugri lífsskoðun; en lífsskoðun er ekki annað en óguðfræðilegt nafn á trú, þeirri trú, sem byggð er á þekkingu vorri eða samþýðanleg henni að minsta kosti.“⁵⁴

Jón ritar aðra lengri grein í *Nýju öldina* sama ár sem nefnist „Dýrsegulmagn og dáleiðsla, andatrú, fjölkyngi og kraftaverk.“ Í þeirri grein tekur hann fyrir nokkrar frásagnir af yfirnáttúrulegum fyrirbrigðum og sýnir fram á hvernig hægt sé að skýra þau á vísindalegan hátt. Þar ræðir hann í byrjun hvernig menn hafi í fyrndinni trúað meiru en þeir hafi vitað. Þegar menn svo vita meira þá trúa þeir minna. Þegar menn trúir missi þeir áhugann á að vita. Það sem menn skilja í náttúrunni er kallað náttúrulegt en það sem menn skilji ekki kalla þeir yfirnáttúrulegt. Með auknum uppgötvunum vísindanna

⁵³ Jón Ólafsson: „Bækr og rit“, bls. 31.

⁵⁴ Jón Ólafsson: „Trú, vísindi, trúleysi“, bls. 144.

verður þá minna og minna yfirnáttúrulegt og hjá menntuðum mönnum eru þessar flokkanir horfnar. Jón þvertetur fyrir að einhver guðsafneitun felist í þessu því hann segir:

Allur munurinn er sá, að þeir sem neita öllu yfirnáttúrulegu, trúa því, að guð hafi ein og sömu óumbreytanleg lög; þegar eitthvað ber við, sem virðist koma í bága við náttúru-lögmálið, þá sé það þekking vor á því lögmáli, sem sé ófullkomin. Guðs lögmál sé náttúrulögmálið, og það sé jafnan ið sama. Hinir, sem trúa á yfirnáttúrlega hluti, halda að guð hafi tvenn eða fleiri lög um sama efni — annað hversdags-lögmál, og það kalla þeir náttúrulegt; en hitt spari-lögmál, sem ekki sé beitt nema endur og sinnum svona rétt í viðlögum; það kalla þeir „yfirnáttúrulegt“.⁵⁵

Hann ræðir síðan um ódauðleika sálarinnar og telur að enn hafi ekki verið sannað að sálin lifi framhaldslífi en það þýði ekki að sá möguleiki sé útilokaður. Ekki hafi verið sannað vísindalega að sálin deyi með líkamanum. Hann telur svo upp nokkur dæmi um dulræna atburði og hvernig rannsóknir á þeim hafa oftast náð að útskýra atburðina vísindalega. Það telur hann þó ekki sönnun fyrir málstað efnishyggjumanna. Hann segir:

Alt um það er það ámóta hvatvíslegt af efnispekingum (*materialists*), að ætla sér að finna í dáleiðslunni sönnun gegn sjálfstæði sálarlífsins, eins og það er af guðneitendum að ætla, að breytiþróunarkenningin (*evolution theory*) veiti sönnun fyrir því, að það sé enginn guð til. Breytiþróunarkenningin fræðir oss um uppruna *líftegundanna*, en ekki um uppruna sjálfs lífsins. Og þó að menn kynnu að komast að því, að líf geti til orðið úr lífleysu fyrir verkun þektra náttúru-afla, þá standa menn jafnráðalausir gagnvart spurningunni um upphaf efna og afla, frumupphaf allrar tilveru (*prima causa*). Alt, sem þeir fengju samt að vita, væri þá það, að þessi frumorsök liggi fyrir utan takmörk vísindalegrar rannsóknar.⁵⁶

Lítur út fyrir að Jón hafi ekki trúað á þann guð Biblíunnar sem gat haft áhrif á veröld mannanna og bænheyrt þá. Hann trúði á eitthvert afl sem setti heiminn af stað en hafnar túlkunum mannanna á eðli Guðs sem kemur fram í Biblíunni og þeim söfnuðum sem á

⁵⁵ Jón Ólafsson: „Dýrsegulmagn og dáleiðsla, andatrú, fjölkyngi og kraftaverk“, bls. 3.

⁵⁶ Jón Ólafsson: „Dýrsegulmagn og dáleiðsla, andatrú, fjölkyngi og kraftaverk“, bls. 25.

henni byggja. Jón er því ekki trúleysingi þó hann hafni skilgreiningu kristinna manna á Guði.

2.4 Þorsteinn Gíslason

Þorsteinn Gíslason ritstjóri, þýðandi og skáld var áhugamaður um trúmál og skrifaði tvær athyglisverðar greinar í tímaritið *Sunnanfara* 1894-1895 er hann var í námi í Kaupmannahöfn. Greinarnar einkennast af mikilli vísindahyggju, málsvörn fyrir trúleysi og gagnrýni á trúarbrögð. Þorsteinn, eins og margir aðrir íslenskir menntamenn, varð hughrifinn af stefnu Brandesar í Kaupmannahöfn.⁵⁷ *Sunnanfari* var þá gefinn út af Íslendingum í Kaupmannahöfn og var Þorsteinn um stund einn af ritstjórum blaðsins. Fyrri greinin nefndist „Meira af guðleysinu“ og birtist í sama tölublaði og grein Matthíasar Jochumssonar, „Guðleysið“ 1894. Matthías fjallar þar um stríðið milli trúar og vísinda og kemst að þeirri niðurstöðu að: „Án guðstrúar er öll speki dauð og marklaus og lífið óbærilegt.“⁵⁸ Matthías er þó eins og áður frjálsslyndur í fari og fer ekki hörðum orðum um efnið og leggur áherslu á að samræma megi skoðanir trúmanna og vísindamanna. Upptökin að greinarskrifunum voru orð Þorsteins Gíslasonar í grein um íslensk skáld þar sem hann telur það miður að íslensk skáld hafi hingað til ort kvæði sem styrkja kirkjukreddur og guðstilbeiðslu.⁵⁹ Matthías telur skrif Þorsteins einkennast af unggæðingshætti en Þorsteinn telur sig eiga fullan rétt á að hafa skoðanir óháð aldri sínum. Tvær lífskoðanir berjast, trú og vísindi. Um stríðið segir Þorsteinn:

Firir mínum augum lítur það svona út: Aðra verja vísindamennirnir, hina klerkarnir. Önnur stiðst við ransóknir, hin er bigð á ifirnáttúrlegri opinberun. Önnur filgir kenníng þeirra manna, sem ransakað hafa lög náttúrunnar, kannað himinhvolfið, jörðina, líf díranna og jurtanna, skinjan mansins og skilníngravit, hin biggir á heilaspuna og hjátrú þekkíngar snauðra fornþjóða, á skáldskap laungu dáiinna kinslóða. Öðru megin sækir fram mansandinn frjáls og óháður, leitandi sannleikans með ljósi þeirrar þekkíngar sem við höfum ráð ifir, og virkin kríngum háborg Giðíngaguðsins loga og brenna hvar sem það ljós er borið nærri þeim, og varnamúrar hans hrinja hvar sem hæll vísindamansins treður þá. Hinumegin etur vaninn fram þussaskallanum

⁵⁷ Alexander Jóhannesson: „Þorsteinn Gíslason 1867-1938“, bls. 292.

⁵⁸ Matthías Jochumsson: „Guðleysið“, bls. 22.

⁵⁹ Þorsteinn Gíslason: „Um ritdóma og ní kvæði III“, bls. 84.

með þeirri tröllatru að vopn skinseminnar bítí hann ekki, hugsandi lítt um það, hvað hann ver og móti hverju hann berst, en viljandi í blindni kúga og deiða heilbrigðar hugsanir, mannlegar tilfinningar og náttúrulegt líf.⁶⁰

Ljóst er hvorri fylkingunni Þorsteinn fylgir. Hann telur síðan upp margar af þeim mótsagnakenndu og órökrænu kenningum kristindómsins sem honum þykja hvað fátánlegastar eins og þá að algóður Guð geti dæmt menn til vistar í helvíti. Hann viðurkennir þó að í Biblíunni megi finna nokkur fögur sannindi eins og í öðrum skáldskap. Þorsteinn vill með greininni ekki hæðast að trú manna, „en það er rjett að benda mönnum á, hve skynsamleg og sennileg trú þeirra sje, og rángt er að látast trúa því, sem maður í hjarta sínu metur einskis.“⁶¹ Hann vill að skoðanir trúleysingja sem fylgja sannfæringu sinni séu virtar. Vægi og gildi trúarinnar og vísindanna telur Þorsteinn ekki vera jafnt, vísindin vegi þyngra. Hugmyndin um einhvern annan guð en þann kirkjulega, einhvers konar guð vísindanna, telur Þorsteinn varla vert að hugsa um, svo óljós er hugmyndin.

Þorsteinn skrifar aðra grein í *Sunnanfara* í byrjun árs 1895 sem nefnist „Vísindi og trú.“ Í henni fer hann ítarlega í hugmyndir vísindamanna um eðli heimsins, rætur trúarinnar og hví hún sé óskynsamleg. Hann lýsir hvernig vísindin séu tilraun til að skýra tilveruna en þegar sannanir eru ekki til staðar, nema vísindin staðar. Þau skilja spurninguna eftir ósvaraðri ef engin skynsamleg svör finnast. Menn læri stöðugt nýja hluti um lífið og komast nær sannleikanum, en óviturt er að standa í stað og halda í gamlar lífsskoðanir.⁶² Hann lýsir svo þeirri vísindakenningu að afl og efni séu eilíf og því sé ekki hægt að eyða þeim, aðeins umbreyta. Hugmyndin að Guð hafi skapað afl og efni telur Þorsteinn barnalega, því ómögulegt sé að svara því hver skapaði þá Guð? Það samræmist ekki niðurstöðum reynsluvísindanna.⁶³ Hann viðurkennir þó að vísindamenn geti bæði verið trúaðir og trúlausir en enginn þeirra geti viðurkennt guðshugmyndir kristinnar kirkju.⁶⁴ Síðan rekur Þorsteinn hvernig trúarbrögð urðu til. „Allir guðir voru upprunalega menn“⁶⁵ segir Þorsteinn, og á þá við að guðirnir séu sprotnir upp úr mannlegri vitund en nú sé yfirráðum þessara hugmynda dauðra manna vonandi að ljúka.

⁶⁰ Þorsteinn Gíslason: „Meira af „guðleysinu“,“ bls. 22.

⁶¹ Þorsteinn Gíslason: „Meira af „guðleysinu“,“ bls. 23.

⁶² Þorsteinn Gíslason: „Vísindi og trú“, bls. 50-51.

⁶³ Þorsteinn Gíslason: „Vísindi og trú“, bls. 51.

⁶⁴ Þorsteinn Gíslason: „Vísindi og trú“, bls. 52.

⁶⁵ Þorsteinn Gíslason: „Vísindi og trú“, bls. 52.

„Kirkjan er nú líkkista dauðs guðs og hlítur því bráðum að fúna og hverfa niður í moldina.“⁶⁶ Síðan ræðir Þorsteinn uppfræðslu barna, hversu hættulegt það sé að innræta þeim hugmyndir sem séu síðan á fullorðinsárum þeirra afsannaðar með þekkingu nútímans. Þetta telur hann geta gert menn vitlausa á endanum. „Hið rjetta er, að innræta börnunum aldrei þá trú, sem hlítur að svíkja þau fir eða síðar.“⁶⁷ Þorsteinn telur vantrú vera heilbrigðari lífsskoðun en trúna og segir í lok greinar:

Vantrúin kennir að hún eigi að vera bústaður gleði og ánægju. Vellíðan mannsins og velgeingni er first og fremst komin undir því, að hann hafi hraustan og heilsugóðan líkama. Prédikanir um krossfesting holdsins hafa skapað, og hljóta að skapa, kriplínga og vesælínga.⁶⁸

Greinarskrif Þorsteins í *Sunnanfara* bera með sér keim af sterkri vísindahyggju. Hann er öflugur málsvari fyrir vantrú og telur hana langtum betri en trúna. Kenningar kirkjunnar samræmast ekki sannleikanum og því telur Þorsteinn algjörlega óhæft að leggja trúnað á þær og er viss um að kirkjan mun á endanum víkja fyrir skynseminni. Ljóst er að Þorsteinn dansaði á mörkum þess sem leyfilegt gat talist í gagnrýni á trúna.

Í næsta tölublaði *Sunnanfara*, eftir að greinin „Trú og vísindi“ birtist, er prentuð yfirlýsing um að *Sunnanfari* sé „nú búinn að fá nóg af trúarbragða hugleiðingum, og er grein Þorsteins Gíslasonar í seinasta blaði, sem er í sjálfu sér myndarlega skrifuð, hið síðasta, er tekið verður í blaðið af því tagi.“⁶⁹ Efnid hefur greinilega þótt eldfimt. Þorsteinn var við birtingu fyrri greinarinnar um guðleysið ábyrgðarmaður blaðsins og einn af ritstjórum þess en við birtingu seinni greinarinnar um vísindi og trú var Jón Þorkelsson orðinn ábyrgðarmaður og Þorsteinn ekki lengur titlaður ritstjóri. Þorsteinn keypti tímaritið 1896 og flutti það með sér til Reykjavíkur og gaf það út til 1899.⁷⁰ Jón hefur líklega ekki treyst sér í meiri trúarumræður því trúleysi og vantrú voru ekki líkleg til vinsælda hjá almenningi heima á Íslandi þó að ýmsir menntamenn hafi aðhyllst svipaðar skoðanir. Þorsteinn sagði þetta um guðleysið í greininni sem leiddi til greinar Matthíasar:

En guðleysið á marga filgismenn, einkum meðal mentaðra manna, út um heim allan og eins meðal okkar Íslendinga, þótt svo sárfáir þori opinberlega

⁶⁶ Þorsteinn Gíslason: „Vísindi og trú“, bls. 53.

⁶⁷ Þorsteinn Gíslason: „Vísindi og trú“, bls. 53.

⁶⁸ Þorsteinn Gíslason: „Vísindi og trú“, bls. 54.

⁶⁹ „Trúarbragðapex“, bls. 63.

⁷⁰ Guðjón Friðriksson: *Nýjustu fréttir!*, bls. 82.

að gángast við þeirri lífsskoðun, sem það biggist á, og alstaðar á það fleiri hjörtu en opinbera játendur. Svo mun það og verða meðan þeir, sem völdin hafa, stjórnir ríkjanna, sem veita embætti öll og opinberar síslanir halda hlífi skildi ífir guðstrúnni og kreddunum, en hleipidómar meðal almennings gera það óheppilegan þröskuld í vegi þeirra, sem leita eftir alþíðuhilli.⁷¹

Var Þorsteinn Gíslason einn þessara guðleysingja? Hallaðist hjarta Þorsteins að guðleysi þó að hann hafi eigi þorað að opinbera það? Alexander Jóhannesson skrifar lítillaga um trúaráhuga Þorsteins í ritröðinni *Merkir Íslendingar*. Hann ræðir um að Þorsteinn hafi átt í deilum við Matthías Jochumsson um trúmál á Hafnarárum sínum en annars minnst Alexander lítið á trúarsannfæringu hans. Hins vegar er merkilegt að hann notar tilvísun í grein Þorsteins úr *Sunnanfara* til að láta líta út fyrir að Þorsteinn hafi hugsað hlýtt til trúarinnar. Alexander skrifar um Þorstein: „Þá sagði hann einnig að „ritningin hefði í sér fólgin mörg og fögur sannindi,“⁷² en sleppir seinni hluta málgreinarinnar, „einsog allur fagur skáldskapur. En í honum speigla sig lífskoðanir Giðínganna, auðvitað í böndum þeirrar takmörkuðu þekkingar sem mennirnir höfðu þá feingið á tilverunni.“⁷³ Þó er mögulegt að afstaða Þorsteins til trúarinnar hafi mildast með árunum og því sé Alexander að reyna að draga úr þessum bernskubrekum Þorsteins. Alexander segir síðan að Þorsteinn hafi verið vel að sér í íslenskum sálmakveðskap og haft dálæti á Hallgrími Péturssyni. Einnig hafi hann setið í nefnd um endurskoðun *Sálmabókarinnar* 1933.⁷⁴

Greinilegt er að trúarbrögð voru þyrnir í augum Þorsteins á Hafnarárunum. Af greinarskrifum Þorsteins í *Sunnanfara* mætti draga þá ályktun að hann hafi verið trúlaus. Hann trúði að minnsta kosti ekki á guð kristinnar kirkju og ekki er að sjá á ofangreindum skrifum að hann viðurkenni neina aðra guðshugmynd. Hann taldi hugmyndir um guð sem mætti samræma vísindunum, svipaðar hugmyndir og Jón Ólafsson og Valdimar Ásmundsson höfðu um guðdóminn, varla taka því að ræða, svo óljósar væru þær. Annars segir hann aldrei berum orðum að hann sé vantrúarmaður eða trúleysingi. Það má hugsanlega skýra með því að hann vissi að slík lífsskoðun var óvinsæl og ólíkleg til að hjálpa frama ungra og metnaðarfullra manna eins og honum

⁷¹ Þorsteinn Gíslason: „Um ritdóma og ní kvæði III“, bls. 86.

⁷² Alexander Jóhannesson: „Þorsteinn Gíslason 1867-1938“, bls. 296.

⁷³ Þorsteinn Gíslason: „Meira af „guðleysinu“,“ bls. 23.

⁷⁴ Alexander Jóhannesson: „Þorsteinn Gíslason 1867-1938“, bls. 296.

sjálfum. Því verður ekkert fullyrt um trúleysi Þorsteins þó líklegt megi telja að hann hafi verið að minnsta kosti trúlaus á Hafnarárunum. Hann skrifaði einnig um trúmál eftir að hann kom til Íslands en ekkert jafn róttækt og greinarnar í *Sunnanfara*. Sú staðreynd að Þorsteinn sat í nefnd um endurskoðun sálmabókar gefur til kynna að hann hafi ekki verið í stríði við kirkjuna á efri árum. Uppreisnarhugurinn hefur runnið af honum með árunum eins og hjá mörgum öðrum. Þó voru til menn sem hikuðu ekki við að opinbera trúleysi sitt né að ræða efnið og takast á um það eins og komið verður að í næstu köflum.

3 Þorsteinn Erlingsson

3.1 Róttækt skáld

Trúleysingjar í hópi þekkra manna um aldamótin voru ekki margir. Þessi lífsskoðun naut ekki vinsælda almennings þar sem flestallir Íslendingar voru trúaðir þrátt fyrir að sumir hafi verið frjálsslyndari í trúmálum en aðrir. Þorsteinn Erlingsson er hins vegar dæmi um mann sem viðurkenndi trúleysi sitt opinberlega og fjallaði talsvert um trúmál í kvæðum sínum og skrifum.

Þorsteinn Erlingsson fæddist 27. september 1858 og ólst upp í Hlíðarendakoti í Fljótshlíð. Hann fluttist til Reykjavíkur 1876 og nam í Lærða skólanum 1877-1883. Að loknu námi flutti Þorsteinn til Kaupmannahafnar og skráði sig í lögfræðináam, þá 25 ára gamall. Hann lauk aldrei lögfræðináminu en vildi þó ekki flytjast heim eftir að hann missti Garðastyrkinn, sem var einungis til fjögurra ára, heldur vann hann fyrir sér með kennslu og við ýmis ritstörf. Hann lifði í fátækt og oft við mikið hungur sem hafði varanleg áhrif á heilsu hans síðar á lífsleiðinni.⁷⁵ Þorsteinn flutti til Íslands sumarið 1895 eftir tólf ára veru erlendis og gerðist ritstjóri landsmálablaðsins *Bjarka* á Seyðisfirði haustið 1896. Þorsteinn hætti störfum við *Bjarka* í byrjun árs 1901 og flutti til Reykjavíkur. Sama haust flutti hann til Bíldudals og tók við ritstjórn *Arnfirðings*. Sumarið 1902 fluttist hann til Reykjavíkur aftur og hélt áfram að ritstýra *Arnfirðingi* þangað til í byrjun árs 1903. Eftir það starfaði hann við ýmis kennslu- og ritstörf. Hann lést 28. september 1914 úr lungnabólgu, þá 56 ára að aldri. Hann skildi eftir sig eiginkonu, Guðrúnu Jónsdóttur og tvö börn, Svanhildi og Erling.

Eftir Þorstein liggja mörg kvæði og ljóð sem skipað hafa honum sess sem eitt af þekktustu skáldum þjóðarinnar. Hann samdi fjölbreytileg ljóð. Allt frá kvæðum eins og „Snati og Óli“ og „Í Hlíðarendakoti“ sem hafa orðið vinsæl barnalög, til ádeilukvæðisins „Rask“ sem Þorsteinn orti í tilefni minningarhátíðar Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn 1887 um Rasmus Christian Rask. Þar gagnrýnir Þorsteinn stjórn Dana á Íslandi og þótti mörgum hneykslanlega að orðum kveðið og varð þetta „hneyksli“ Þorsteini til nokkurrar frægðar.⁷⁶ Á Hafnarárunum gerðist Þorsteinn nokkuð róttækur í skoðunum á mælikvarða þess tíma. Hann kynnti sér jafnaðarstefnuna sem hafði þónokkur áhrif á lífsskoðun hans. Í eftirmælum skrifaði Guðmundur Magnússon

⁷⁵ Þorsteinn Erlingsson: *Þyrnar*, bls. xxxv. Formáli Sigurðar Nordal.

⁷⁶ Þorsteinn Erlingsson: *Þyrnar*, bls. xxviii. Formáli Sigurðar Nordal.

um jafnaðarmennsku Þorsteins, að hann „hefir gerst fyrsti og einasti talsmaður þessarar stefnu hér á landi, svo að nokkuð kvæði að“.⁷⁷ Þorsteinn taldi sig vera sósíalista og hefur það verið haft eftir honum að þau bágindi og örbirgð sem hann upplifði og sú mikla fátækt og hungur sem hann lifði oft við hafi gert hann að jafnaðarmanni.⁷⁸ Þó var hann enginn bókstafstrúarmaður í þeim efnum eins og Sigurður Nordal bendir á: „Mannúð Þorsteins var miklu ríkari þáttur í skoðunum hans en hinn fræðilegi grundvöllur sósíalismans.“⁷⁹ Andstaðan við kúgun yfirvaldsins í jafnaðarmenskunni rímar ágætlega við skoðanir Þorsteins á trúarbrögðum. Þorsteinn er vanalega talinn sem eitt af þeim íslensku skáldum sem voru undir áhrifum raunsæis í bókmenntum frá Georg Brandes. Að sjálfsgöðu er rétt að Þorsteinn varð fyrir áhrifum frá Brandes þegar hann var staddur í Danmörku. Hins vegar verður andúð hans á kirkjunni ekki einungis rakinn til Brandesar. Andúð hans á klerka- og embættismannaveldinu má rekja til kynna hans af frjálslyndum Íslendingum eins og Jóni Ólafssyni og Steingrími Thorsteinssyni, sem ná lengra aftur en kynni hans af kenningum Brandesar.⁸⁰ Einnig var Brandes ekki sósíalisti eins og Þorsteinn. Því er villandi að skipa honum í sama flokk og til dæmis þá *Verðandi* menn sem vanalega eru kenndir við hugmyndir Brandesar.

Fyrsta ádeila Þorsteins á trúarbrögð var ljóðið „Örlög guðanna“ sem birtist í *Sunnanfara* 1892. Þar ræðst hann harkalega á kristindóminn og lýsir því hvernig kristindómurinn braust til valda í heiminum og síðan hvernig hann tók yfir Ísland. Upphafserindin hljóða svo:

Um suðurheim kristnin var geingin í garð
og guðirnir reknir af löndum,
en kominn var blóðugur kross í það skarð
og kirkjur með fjöllum og ströndum.

Hin heilögu goð voru af Ólympi ærð,
og alstaðar frelsið í nauðum,
og listin hin gríska lá svívirt og særð
hjá Seifi og Appolló dauðum.

⁷⁷ Guðmundur Magnússon: „Þorsteinn Erlingsson“, bls. 10.

⁷⁸ Þorsteinn Erlingsson: *Þyrnar*, bls. lxx-lxxvi. Formáli Sigurðar Nordal.

⁷⁹ Þorsteinn Erlingsson: *Þyrnar*, bls. lxxviii. Formáli Sigurðar Nordal.

⁸⁰ Þorsteinn Thorarensen: *Eldur í æðum*, bls. 411.

Þar bygði fyr Júppiter blómlegust lönd,
unz beygði hann ellinnar þúngi
og svipuna guðinum gamla úr hönd
tók Gyðingakóngurinn úngi.⁸¹

Ljóðið var byltingarkennt og vakti hörð viðbrögð hjá lesendum á Íslandi. Bjarni Benediktsson frá Hofteigi sagði í bók sinni um Þorstein að ljóðið hafi markað skil í Íslandssögunni. Bjarni ræðir um áhrif ljóðsins og segir: „Ef bent verður á nokkra sérstaka stund og sagt: hér byrjaði saga frjálsrar nútímahugsunar og sannleiksleitar á Íslandi – þá er það septemberdagurinn 1892 þegar Sunnanfari kom út með Örlög guðanna.“⁸² Hér er mögulega heldur djúpt í árinna tekið en rétt er að ljóðið og fleiri trúaráræiluljóð Þorsteins höfðu vafalaust áhrif á marga. Pétur Pétursson telur að ljóðabók Þorsteins, *Þymar*, sem kom út 1897 og innihélt „Örlög guðanna“ og önnur trúaráræilukvæði, hafi verið fyrsta og harðasta ádeilan á kristindóm sem náði til allrar allþýðu.⁸³ Sigurður Nordal telur að vantrúarkvæði Þorsteins hafi átt drjúgan þátt í að gera sig að „saklausum heiðingja á barnsaldri“⁸⁴ og forðað honum frá ýmsum hleypidómum á fullorðinsárunum. Af öðrum vantrúarkvæðum Þorsteins má nefna „Örbirgð og auður“. Hér eru tvö erindi úr kvæðinu:

Því fyr var vissast vegi drottins á
að vera af hor og örbirgð nærri dauður;
því hærra nú sem herrans þjónar ná
því hærri laun, því meiri völd og auður.

Í fátækt skortir bæði náð og brauð,
því bendir guð þjer veg með þjónum sínum:
þú verður, vinur, fyrst að fá þér auð,
þá færðu líka náð hjá drottni þínum.⁸⁵

Í kvæðinu blandar Þorsteinn saman jafnaðarmennskunni og trúleysinu og niðurstaðan er sú að hinn kristni Guð hjálpar aðeins þeim ríku en ekki þeim fátæku. Með „Örlögum

⁸¹ Þorsteinn Erlingsson: „Örlög guðanna“, bls. 26.

⁸² Bjarni Benediktsson: *Þorsteinn Erlingsson*, bls. 215.

⁸³ Pétur Pétursson: „Trúarlegar hreyfingar í Reykjavík tvo fyrstu áratugi 20.aldar“, bls. 196.

⁸⁴ Þorsteinn Erlingsson: *Þymar*, bls. civ. Formáli Sigurðar Nordal.

⁸⁵ Þorsteinn Erlingsson: *Þymar*, bls. 32.

guðanna“ og öðrum vantrúarkvæðum vann Þorsteinn sér sess sem eitt af róttækustu skáldum aldamótana.

3.2 Efasemdir um trúleysi Þorsteins

Skiptar skoðanir hafa verið um hvort Þorsteinn Erlingsson hafi í raun verið trúleysingi. Sumir hafa efast um trúleysi Þorsteins í gegnum tíðina. Nýjasta dæmið um þetta eru ummæli Guðjóns Friðrikssonar sagnfræðings í sjónvarpsþættinum *Kiljunn* 15. apríl 2009 þar sem hann segir að Þorsteinn hafi alltaf verið trúaður maður og trúað á Guð. Hann skýrir þó ekkert ástæðurnar fyrir þessum ummælum. Nú er rétt að skoða helstu ummælin gegn trúleysi Þorsteins.

Haraldur Níelsson, góðvinur Þorsteins, flutti ræðu við jarðarför hans þar sem hann dregur raunverulegt trúleysi Þorsteins í efa. Hann segir að Þorsteinn hefði ætíð verið efaþjarn og gagnrýninn og menn sem eru þannig gerðir hefðu þrá til að skilja tilgang tilverunnar, „en sú þrá er í innsta eðli sínu náskyld því, er vér nefnum trúarþörf.“⁸⁶ Þetta er undarleg skilgreining hjá Haraldi á trúarþörf og gengur hann heldur langt í að teygja hugtök og skilgreiningar ef hann setur sannleiksþrá og trúarþörf undir sama hattinn. Sannleiksþráin krefst sannana sem er eitthvað sem trúin setur ekki sem skilyrði. Trúin er oftast blind og krefst ekki gagnrýnnar hugsunar sem sannleiksþráin gerir. Hann fjallar síðan um fagarar hugsjónir Þorsteins eins og væntumþykju hans fyrir þeim sem minna mega sín og andúð á óréttlæti í heiminum. Þetta reynir Haraldur að tengja við kenningar kristindómsins og lætur líta út fyrir að skoðanir Þorsteins hafi í raun ekki verið svo fjarri boðskap Krists. Hann segir að í jafnaðarmennskunni, sem Þorsteinn aðhylltist, sé svo mikið um sannkristilegt hugarfar og hreyfingin sé í innsta eðli sínu „ger-kristin“. Þótt að Haraldur finni einhverja tengifleti á milli skoðana Þorsteins og boðskaps Jesú Krists er heldur djarft að telja það sönnun fyrir trú Þorsteins.

Einar Hjörleifsson skrifaði eftirmæli um Þorstein og spurði sig hvort hann hefði verið trúlaus maður.

Mjer finst, jeg ekki geta heyrt meiri fjarstæðu. Jeg held, að hann hafi verið einn af mestu trúmönnum, sem jeg hef þekt. Á hvað trúði hann þá? Hann trúði á fegurðina. Hann trúði á einlægnina. Hann trúði á miskunnsemina.

⁸⁶ Haraldur Níelsson: „Þekking vor er í molum“, bls. 305.

Hann trúði á rjettlætið. Hann trúði á kærleikann. Hann trúði á sannleikann. Hann hafði varpað á þetta óvenjulega heitri og einlægri ást. Honum fanst ekkert eiga rjett á sjer annað en það góða. Er ekki þetta trú? Hvað ætti það að vera annað en trú? Er það ekki kjarninn í allri trú? Er það ekki insta eðli hvers trúaðs manns?⁸⁷

Orð eins og þessi gætu ruglað marga í ríminu en eins og sést þá er Einar að tala um annars konar trú en guðstrú. Einar segir líka á öðrum stað í eftirmælunum að í Kaupmannahöfn hafi Þorsteinn gerst „kirkjuhatari og guðstrúarleysingi“ en hann vill ekki jafna þessum hugtökum við trúleysi.

Bæði Haraldur og Einar ýja að því að Þorsteinn hafi undir lokin haft einhverja von um framhaldslíf og vitnar Haraldur því til sönnunar í erfiljóð sem Þorsteinn var byrjaður að semja um Björn Jónsson ritstjóra sem honum entist ekki ævin til að ljúka. Hér er fyrsta erindið:

Og nú fór sól að nálgast æginn
og nú var gott að hvíla sig
og vakna upp ungur einhvern daginn
með eilífð glaða kring um sig.⁸⁸

Sigurður Nordal telur að Þorsteinn hafi ort þannig um Björn þar sem skáldið hafi verið að setja sig í spor Björns. Trú hans á framhaldslífið hafi verið svo ríkur þáttur í lífi hans vegna áhuga hans á spíritisma.⁸⁹ Haraldur greinir einnig frá því að Þorsteinn hafi tjáð honum að ef sannað væri að framhaldslífið væri raunverulegt væru það ein mestu tíðindi mannkynssögunnar. Jafnvel þó að Þorsteinn hafi í raun verið að hallast á þá skoðun að framhaldslíf biði hans er það ekki sönnun fyrir því að Þorsteinn hafi trúað á nokkurn guð. Sigurður Nordal hefur bent á að Þorsteinn umgekkst mikið af spíritistum sem rannsökuðu framhaldslífið og héldu því fram að kirkjan hefði misbeitt trúnni á framhaldslífið með því að hótta fólki refsingum í næsta lífi fyrir breytni þeirra í þessu lífi.⁹⁰ Vel má vera að Þorsteinn hafi gefið þessum sálarrannsóknum spíritistanna einhvern gaum en sem áður fyrr er það ekki sönnun fyrir guðstrú. Ekki má gleyma að bæði Haraldur Níelsson og Einar Hjörleifsson voru báðir brautryðjendur í starfi

⁸⁷ Einar Hjörleifsson: „Þorsteinn Erlingsson“, bls. 178.

⁸⁸ Haraldur Níelsson: „Þekking vor er í molum“, bls. 306.

⁸⁹ Þorsteinn Erlingsson: *Þynnar*, bls. lxxviii. Formáli Sigurðar Nordal.

⁹⁰ Þorsteinn Erlingsson: *Þynnar*, bls. lxxix. Formáli Sigurðar Nordal.

spíritista á Íslandi og því líklegt að þeir hafi viljað að Þorsteinn vinur þeirra væri þeim sammála og fengi framhald á lífi sínu í andaheiminum.

Valtýr Guðmundsson vildi einnig draga úr því að Þorsteinn hefði verið eins mikill trú- og guðleysingi og látið væri. Valtýr taldi að Þorsteinn hefði verið á móti kirkjunni og kenningum hennar og sérstaklega þeirri guðstrú sem þar er boðuð. Andstaðan var við hina gömlu guðshugmynd kirkjunnar og skoðanir Þorsteins mótaðar á tíma Estrups stjórnarinnar í Danmörku þar sem prestar kirkjunnar þar í landi studdu harðstjórn Estrups sem Þorsteinn var andvígur. Hann taldi að Þorsteinn hafi orðið fyrir áhrifum frá Georg Brandes og skrifað í anda hans og því fengið þennan vantrúarstimpil á sig. Andstaða Þorsteins við presta beinist líka frekar að erlendum prestum enn íslenskum. Valtýr segir að Þorsteinn hafi verið andvígur ástandi kristindómsins, svo fjarlægur upphaflegum boðskapi Krists og viljað hreinsa guðshugmyndina.⁹¹ Margt sem Valtýr segir á rétt á sér en hann ýjar að því að Þorsteinn hafi trúað á einhvern guð með því að tala um að hann hafi viljað hreinsa guðshugmyndina og vill draga úr því hversu mikill trú- eða guðleysingi Þorsteinn var. Nokkrir Íslendingar voru frjálsslyndir í trúmálum og gagnrýndu kirkjuna og trúna eins og sýnt hefur verið fram á með þá Jón Ólafsson og Valdimar Ásmundsson. Þrátt fyrir gagnrýni sína trúðu þeir samt á einhvers konar guð. Valdimar talaði til dæmis um að það þyrfti að hreinsa guðshugmyndina eins og Valtýr minnst á að Þorsteinn hafi viljað. Munurinn á þeim er hins vegar sá að Þorsteinn viðurkenndi aldrei neina guðstrú opinberlega. Hann viðurkenndi hins vegar vantrú sína opinberlega nokkrum sinnum og nú skal skoða nokkur af þeim tilfellum.

Þorsteinn flæktist í deilu sem Guðmundur Hannesson átti í við Harald Níelsson um trúmál og *Pýma*, ljóðabók Þorsteins. Nánar er farið í þá deilu í kaflanum um Guðmund Hannesson. Þorsteinn birti tvær greinar sem nefndust „Kristindómshatrið“ í *Bjarka* 1898. Þar talar hann ítrekað um sjálfan sig sem vantrúarmann og trúleysingja. Þorsteinn skrifar:

En þó manni geti gramist stundum þá verður manni hitt þó miklu oftari fyrir að brosa, einkanlega þegar veslingsmennirnir eru að lýsa píslarvætti því, sem þeir og aðrir Krists játendur verða að líða fyrir Krists sakir og svo

⁹¹ Valtýr Guðmundsson: „Þorsteinn dáinn“, bls. 124-128.

þeim ofsóknum sem kristin kirkja sæti af hendi okkar vantrúarmannanna, sem erum að „afkristna landið“ og „særa þeirra helgustu tilfinningar.“⁹²

Þorsteinn segir svo í lok fyrri greinarinnar: „Jeg get þó ógn vel talað við ykkur bæði um kvæði mín og trúleysi mitt og skoðun þá sem jeg hef á kristindómi ykkar.“⁹³ Fleiri dæmi eru um þar sem Þorsteinn lýsir trúleysi sínu opinberlega og má þar síðast nefna þessa tilvitnun frá 1909 í *Ísafold* er Þorsteinn átti í lítilsháttar deilu við Þórhall Bjarnason biskup: „Ætli Belsibupp gamli hafi ekki verið drjúgastur að orna þar fólkinu, alt þangað til við komum til, trúleysingjarnir, og „hatarar Krists“, og sneyðast fór um eldiviðinn hjá karli?“⁹⁴ Lítur út fyrir að það hafi verið sterk tilhneiging til að afbaka trúarskoðanir Þorsteins af samtíðarmönnum hans að honum látnum.

3.3 Guð og kirkjan

Skoðunum Þorsteins á trúmálum má kynnst með því að lesa *Bjarka*, landsmálablaðið sem hann ritstýrði á árunum 1896 til 1900 á Seyðisfirði. Margir töldu Þorstein ekki jafn góðan ritstjóra og skáld enda var honum illa við blaðamenskuna, allt stjórnmálaþvaðrið sem henni fylgdi og stundaði hana einungis sér til lífsviðurværis.⁹⁵ Því má heldur ekki gleyma að Þorsteinn átti alla tíð við heilsufarsvandamál að stríða sem áttu ekki vel við hið erfiða ritstjórarstarf.

Það má segja að Þorsteinn hafi í sumum greinum sínum innilega andúð á kirkjunni en hún beinist þó oftarn gegn fortíðinni en nútímanum. Orðfæri hans er víða ansi svæsið þegar hann lýsir kirkjunni fyrr á öldum. Hann fordæmir græðgi kirkjunnar manna og þetta segir hann til dæmis um athæfi íslensku kirkjunnar á þrettánda og fjórtánda öld: „Það er ekki nóg að aumíngja fólkið reiti sig inn að skyrtunni til að gefa fyrir sálum sínum, heldur er stór hluti af fasteignum landsins tekinn með ofbeldi úr höndum rjettra handhafa og feinginn kirkjunni.“⁹⁶ Þorsteinn talar um kirkjuríkið sem tók við af Rómaveldi og sparar ekki stóru orðin þegar hann lýsir stefnu stjórnenda þess. „Kirkjuríkið fæddist, lifði og dó og bar báðar höndur blóðugar til axla fram í andlátíð. Riddarar, aðall og konungar sem kristninni stýrðu höfðu að ýmsu ólíkar stefnur en í einu

⁹² Þorsteinn Erlingsson: „Kristindómshatrið“, bls. 93.

⁹³ Þorsteinn Erlingsson: „Kristindómshatrið“, bls. 94.

⁹⁴ Þorsteinn Erlingsson: „Svar til N. Kbl.“, bls. 151.

⁹⁵ Þorsteinn Erlingsson: *Þynnar*, bls. xlv. Formáli Sigurðar Nordal.

⁹⁶ Þorsteinn Erlingsson: „Merkileg bók“, bls. 14.

áttu þeir sammerkt: Þeir elskuðu allir ójöfnuð og hatur, styrjöld og blóð.⁹⁷ Þorsteinn var mikill uppreisnarmaður og sökum sósíalískra hugmynda sinna gat hann ekki sætt sig við þessa guðshugmynd kristinnar sem krafðist óskilyrðisbundinnar hlýðni og undirgefni. Hann segir þetta um guð kristinna manna:

Hann er almáttugur og algóður faðir als, og hefur í hendi sinni alt ráð og öll kjörbarna sinna um tíma og eilífð. Af því hann er almáttugur, þá er það hrein fásinna að ætla sjer að rísa á móti honum, og af því hann er algóður, þarf einginn að efa að alt sje gott og rjett sem hann gerir. Þess eins er krafist af mannum, að hann sýni hlýðni og undirgefni eins og barn, skilmálalaust og takmarkalaust.⁹⁸

Í sömu grein og þetta kemur fram lýsir Þorsteinn þeirri skoðun sinni að heiðnu guðirnir sem Íslendingar tilbáðu fyrir komu kristinnar hefðu verið betri en hinn nýi guð. Þá gerðu menn sáttmála við guð að eigin vali og ef hann stóð sig ekki þá hættu menn tilbeiðslu á guðinn og fundu sér nýjan. Þetta frjálsa samband við guddóminn taldi Þorsteinn heilbrigðara og ala af sér sjálfstæðari og betri menn.

Óttann sem bjó í fólki og hjátrúin á djöfla og illar verur taldi Þorsteinn mega rekja til kristinnar. Hann orti um þennan ótta í kvæðinu „Á spítalanum“. Í kvæðinu er fylgst með dauðastríði trúaðs manns. Hann er svo óttasleginn við mögulega vist í helvíti að hann deyr í angist og hræðslu. Lokaerindi kvæðisins hljóðar svo:

Ó, kirkjunnar hornsteinn, þú Helvítis bál,
þú hræðslunnar uppsprettan djúpa,
hve hæglega beygirðu bugaða sál
til botns hverja andstygð að súpa.
Hve máttugur trúboði' er meinsemd og hel,
ó, mannlega hörmúng, hve fer þjer það vel,
að kúgarans fótum að krjúpa.⁹⁹

Klerkar hótuðu fólki með kvöl og pínu handan grafarinnar sem Dante hafði náð að lýsa svo hryllilega. Þessi hræðsla var við það að gera fólk brjáláð fyrir á öldum að mati Þorsteins. „Það er ekki svo að skilja, að klerkar og kennimenn þjedikuðu þetta einúngis til að hræða lýðinn; þeir urðu sjálfir um síðir gripnir af sama hryllíngnum og æðinu,

⁹⁷ Þorsteinn Erlingsson: „Friður“, bls. 41.

⁹⁸ Þorsteinn Erlingsson: „Merkileg bók.“, bls. 13.

⁹⁹ Þorsteinn Erlingsson: *Þynnar*, bls. 89.

bæði á Íslandi og annarstaðar, og sáu djöfla og ára í hverjum krók, aungu síður en almúginn, og eru hrein undur að allur heimurinn varð ekki vitlaus.¹⁰⁰ Þessi ummæli Þorsteins eru fengin úr grein eftir hann sem á að vera ritdómur um *Landafræðisögu Íslands* eftir Þorvald Thoroddsen, en er mestmegnis skoðanir Þorsteins á kristindómnum í aldanna rás. Hann er ánægður með bókina og telur hana sýna;

hvernig oftrúin og hjátrúin dýngja þjóðunum, sálunum, vitinu og vísindunum ofan í saur og svívirðing og gera mennina að siðlausum svínum sem velta sjer í viðbjóðslegustu glæpum, og verða svo grimmir, að þeir hýða börn sín til bana. Sjálf siðaskiftin verða í höndum þessara vesalings manna hvöt og frumkvöðull að galdrabálunum, þessum svívirðilega bletti, sem mannkynið getur aldrei af sjer þvegið, hvað leingi sem það lifir. Nálega aungum manni dettur í hug, að opna augun og líta á fegurð himins eða jarðar, og því síður að gæta að því, hve óendanlegt meistaraverk það er, sem þeir eru að fótum troða í þessum blindingsleik við fársjúkar ímyndanir.¹⁰¹

Andstyggð hans á hjátrú og trúarofforsi er greinilega mikil. Trú hans á mátt vísindanna og þáttur þeirra í að blása burtu gamalli hjátrú er Þorsteini hins vegar gleðiefni. Hann ritar svo 1897 í grein um framþróun vísindanna:

Þó mun nú svo langt komið að flestir hyggjast menn í siðuðu löndunum, bæði trúfræðingar og aðrir, játi að postular vorra tíma, vísindamennirnir, og þeir andans menn, sem efla og útbreiða kenningar vísindanna hafi leyfi til óhegndir að brjóta niður hinar fornu byggingar þar sem þær eru vísindunum í vegi. Þeir eru að smá sjá það, að lögmál als lífs, eðli okkar, ákvörðun og samband við tíma og eilífð er oss aungu síður opinberað í hlutunum sjálfum heldur enn í fræðibókum hinna fornu spekinga, sem lög og venja bjóða oss að trúa einum saman.¹⁰²

Þessar fornu byggingar eru væntanlega kirkjurnar og fræðibækur hinna fornu spekinga eru trúarrítin. Hann heldur svo áfram og telur að trúin geti orðið sterkari ef hún hefur skynsemina með sér en ekki á móti. Trúarbrögðin verða að þróast með nýjum uppgötvunum vísindanna um tilveruna. Þorsteinn er mildari í garð kirkjunnar í þessari

¹⁰⁰ Þorsteinn Erlingsson: „Merkileg bók. (frh.)“, bls. 17.

¹⁰¹ Þorsteinn Erlingsson: „Merkileg bók. (frh.)“, bls. 17.

¹⁰² Þorsteinn Erlingsson: „Heimurinn“, bls. 18.

grein en áður. Hann greinir frá því að kirkjan hafi nú viðurkennt mikið af hinum nýju vísindalegu sönnunum og brennir menn ekki lengur á báli fyrir skoðanir sínar.

Sigurður Nordal telur að Þorsteinn hafi mildast í afstöðu sinni gagnvart kirkjunni þegar hann sneri til Íslands eftir dvöl sína í Kaupmannahöfn. Prestarnir hérna heima voru ekki jafn hræðilegir og þeir sem hann sá í Danmörku, hempuklædda þjóna hinnar íhaldssömu Estrup stjórnar. Heima á Íslandi átti hann marga presta fyrir kunningja og sá að þeir voru oft ágætismenn.¹⁰³ Í áðurnefndri grein er ljóst að Þorsteinn er ekki jafn fullur af heift þegar hann talar um kirkju samtímans samanborið við orð hans um kirkju fortíðarinnar.

Þrátt fyrir trúleysi var Þorsteini vel við hugmyndir Jesú Krists. Þá á hann við manninn Krist en ekki guðinn sem kristnir menn tilbáðu. Hugmyndir Krists um frið og kærleik voru honum að skapi. Það sem honum fannst miður var að boðskapur Krists var búinn að fá „töluvert margar „skýringar og viðauka“ sem hljóta að hafa verið trúveikum mönnum nokkuð strembnir.“¹⁰⁴ Þorsteinn sætti sig ekki við allt það sem kristin kirkja boðaði og átti ekkert skylt við boðskap Jesú Krists. Hann er hrifinn af friðarríkinu sem Jesú boðaði og ýjar að því í grein sem nefnist „Friður“ að þessu ríki hafi mögulega verið ætlaður staður á jörðinni en ekki á himnum eins og túlkað er í kristindómnum.¹⁰⁵ Hann tengir hugmyndir jafnaðarmanna um bræðralag og jöfnuð við friðarríki Jesú og sýnir fram á svipleikann með þessum tveimur hugmyndum. Hann viðurkennir að þessir draumar hans um friðarríki Jesú og útópíu sósíalista séu ef til vill barnalegir en segir jafnframt að þeir séu;

báðir stórir og fagrir, báðir bornir fram af fastri von og öruggri trú, báðir elskaðir af olbogabörnunum en hataðir af yfirmönnum og æðstu prestum; og hvort sem þessi nýi draumur á að rætast eða ekki, þá er þó svo komið nú, að um þetta ókomna friðarríki lesa nú og skrifa milljónir manna víðsvegar um mentaða heiminn og jafnvel frá ræðustólum sumra sóknarpresta á Þýskalandi og víðar mun boðskapurinn um nýtt jarðneskt bróðurríki heyrast nú á þessum Jólum og boðaður friður á jörðu í fullri alvöru; og eitt er víst,

¹⁰³ Þorsteinn Erlingsson: *Þyrnar*, bls. lxxxv. Formáli Sigurðar Nordal.

¹⁰⁴ Þorsteinn Erlingsson: „Merkileg bók.“, bls. 13.

¹⁰⁵ Þorsteinn Erlingsson: „Friður“, bls. 41-42.

að í þetta sinn verður látið til skarar skriða á jörðinni um friðarríkið, hvort sem auðið verður falls eða sigurs; til himna verður það ekki flutt.¹⁰⁶

Það er mikill kraftur og von í þessu orðum og þrátt fyrir að hann sé ásamt friðarríkinu einnig að tala um framtíðarríki sósíalisms þá er furðulegt að sjá trúleysingja skrifa af svo mikilli ástríðu um friðarríki Krists. Sósíalisminn er ígildi trúar fyrir Þorstein í þessum skrifum.

Þorsteini fannst líka mikilvægt að það kæmi fram að trúleysingjar þyrftu ekki að hatast við Jesú Krist þrátt fyrir skoðanir sínar og í greininni „Kristindómshatrið“, sem er nokkurs konar opið bréf til Haralds Níelssonar og Jóns Helgasonar gagnrýnir hann fullyrðingar þeirra um þetta efni. Þorsteinn segir:

Jeg hygg það sje svo fjarri því að þið trúíð því sjálfir að jeg eða margir aðrir trúleysingjar hati Krist, að mjer finst þvert á móti sem þið sperrist við með svo miklum ákafa að innprenta þjóðinni að við hötum Krist einmitt af því þið finnið að sárbeittustu skeytin, sem ykkur eru send úr vantrúarflokknum, eru meira eða minna beinn arfur hans eftir Jesús frá Nazaret, sem kirkjan hefur kastað burt eða troðið undir fótum.¹⁰⁷

Í öðrum hluta greinarinnar „Kristindómshatrið“ undirbýr Þorsteinn rökræðu sem getur átt sér stað á milli hans, trúleysingjans, og trúmannanna. En hann vill samt fyrst að ákveðnar fullyrðingar í þeirri rökræðu séu endurskoðaðar af trúmannanna hálfu.

Það var nú einmitt þessi óskeikun og öll þessi einkarjettindi upp á sannleika, rjettlæti, mannúð og ást á Kristi, sem jeg ætlaði að ryðja burt og tala svo við ykkur, eins og við værum jafnbornir til þeirra hluta, og að hjer sje undir því einu komið hver af oss getur fært betri heimildir fyrir þeim eignarrjetti eftir sömu reglum sem gilda við allan annan eignarrjett.¹⁰⁸

Hann vill að rökræðan fari fram á jafnréttisgrundvelli. Hann vill að fullyrðingar þeirra um kristindóminn standist eðlilegar sönnunarreglur.

Það dugar og ekki að segja að neitt sje kristninni að þakka nema það verði sannað að svo sje. Þrælahald og vígaferli stóðu í blóma laungu eftir kristnikomu, og er vandi að segja hvern þátt hún á í aftöku þeirra, en hitt er

¹⁰⁶ Þorsteinn Erlingsson: „Friður“, bls. 42.

¹⁰⁷ Þorsteinn Erlingsson: „Kristindómshatrið“, bls. 94.

¹⁰⁸ Þorsteinn Erlingsson: „Kristindómshatrið II“, bls. 101.

víst að hræsni, lýgi, svik, ágirnd og als konar ódreingskapur og þorparaskapur lifa við ágæta heilsu fram

á þennan dag þrátt fyrir kristnina; sama er að segja um alla þá óknitti sem mjer hefur verið kent að kristnin hafi átt að ráða bót á. Jeg skal þó taka það fram að jeg kenni hvorki kristninni nje kirkjunni um þetta, slíkt er þeim báðum ofvaxið.¹⁰⁹

Eins og sést á þessari röksemdarfærslu, er Þorsteinn sanngjarn þó hann sé oft harðorður. Hann vill ekki kenna kirkjunni um allt það slæma sem á sér stað í heiminum. Hann vill einungis að henni séu ekki eignaðar framfarir sem hún á ekki ein þátt í. Hann lýkur svo greininni með hugleiðingum um framtíð kirkjunnar. Annað hvort tekst henni að aðlagast nútímanum eða hún mun hverfa og syrgir Þorsteinn það ekki mjög ef slíkt henti hana.

Var Þorsteinn þá einhvers konar „trúboði“ trúleysis? Stefndi hann markvisst að því að bola kirkjunni og trúarbrögðum úr landi og „frelsa“ almenning undan trúnni? Af sumum þessum skrifum mætti álykta að svo hafi verið. Hann segir meðal annars í síðastnefndri grein: „Nú er það rjett, að jeg vil hafa afarmikið af kristindómi ykkar út úr landinu, en af því það er það sama sem jeg vil hafa út úr heiminum.“¹¹⁰ Vissulega vildi Þorstein losna við trúarbrögðin en skrif hans og aðgerðir sýna fram á að það var ekki lífstakmark hans. Eins og komið hefur verið inn á áður mildaðist Þorsteinn mikið í afstöðu sinni til presta eftir að hann kom til Íslands. Ef hann hefði viljað berjast af fullum krafti gegn trúnni hefði hann væntanlega setið lengur í ritstjórástólnum. Hann hafði hins vegar ekki ánægju af blaðaskrifunum, metnaður hans lá til ljóðlistarinnar. Hann hlýtur einnig að hafa vitað að fráleitt væri að reyna að snúa einhverjum verulegum hluta landsmanna gegn trúnni. Þegar prestarnir saka vantrúna um að reyna að afkristna landið, þá svarar Þorsteinn:

Mjer vitanlega eru það ekki einu sinni 10 menn sem opinberlega hafa gert sjer far um að hnekkja eða breyta þessum svo kallaða kristindómi í landinu eða svegja að verkalýð kirkjunnar, og þessir fáu sem hafa gert þetta hafa varla beitt nema annari hendinni og það slælega. Þetta er allur herinn, sem á að ryðja kristindómi ykkar burt af landinu, sem hefur verið að grafa um sig þar í næði í 898 ár, sem búinn er gagnsýra alt þjóðfjelagið og allan

¹⁰⁹ Þorsteinn Erlingsson: „Kristindómshatrið II“, bls. 101.

¹¹⁰ Þorsteinn Erlingsson: „Kristindómshatrið II“, bls. 101.

hugsunarhátt svo niður í botn, að jafnvel þeir, sem sjá hve gjörskemdur hann er vilja þó hafa hann af vana. Hann styðst auk þess við ríkustu stofnun í landinu, þjóðkirkjuna, stórauðuga eftir okkar högum, og hefur yfir hálf tannað hundrað leiguliðs á verði sem unnið hefur eið að Augsborgarjárnungunni, auk allra þeirra kennara, foreldra og fræðara, sem vaka yfir því að æskulýðurinn sleppi ekki hjá hinum hreina, ómeingaða kristindómi.¹¹¹

Þorsteinn gerði sér vel grein fyrir því ofurefli sem kirkjan var og þó hann hafi skrifað og ort gegn þeim, var það einungis til að koma sinni skoðun á framfæri. Hann gerði sér engar vonir um að kirkjan færi í bráð þótt hann hafi vonað að hún gerði það á endanum.

Hann trúði ekki á Guð og vildi að þjóðfélagið viðurkenndi rétt sinn til þess. Honum ofbauð vald kirkjunnar og vildi fá að vera í friði fyrir henni. Í nýjárshugvekju í *Bjarka* 1898 telur hann upp nokkur atriði sem honum finnast mikilvæg varðandi samfélagið á Íslandi. Þessi listi hljómar eins og pólitísk stefnuskrá hans. Hann nefnir nokkur réttindamál eins og t.d. læknishjálpi til fátækra, almennan kosningarétt og málefni aldraðra. Hann vill líka „að borgaralegur hjúskapar-sáttmáli milli hjóna sje skylda, og löglegt hjónaband, en öll vígsla frjáls“¹¹² Á þessu má skilja að hann vilji viðurkenningu á þeim rétti hjóna til að giftast án blessun presta. Um trú manna segir hann: „Jeg vil að þjóðfélagið skifti sjer ekkert af trú manna nje vantrú nema að því einu er viðkemur fjelagsreglu og almennri siðgæði.“¹¹³ Hann var hlynntur frelsi í trúmálum og taldi að ríkisvaldið ætti ekkert að skipta sér að slíkum málum. Í frétt sem Þorsteinn skrifar í *Bjarka* 1899 um þingmálafund sem haldinn var á Seyðisfirði, er greint frá ágreiningi um túlkun laganna á því hvort menn þyrftu að stofna með sér félag til að geta staðið fyrir utan þjóðkirkjuna. Þorsteini þykir fátánlegt að menn með persónulegar skoðanir í trúmálum þurfi að stofna félag til þess að standa utan þjóðkirkjunnar og vill að stjórnvöld greiði úr þessu.¹¹⁴

Vantrú Þorsteins var stór hluti af ímynd hans í augum þjóðarinnar. Ef minningargreinar um Þorstein eru lesnar, má sjá að í nánast hverri einustu er minnst á

¹¹¹ Þorsteinn Erlingsson: „Kristindómshatrið“, bls. 93.

¹¹² Þorsteinn Erlingsson: „Nýjárshugvekja“, bls. 1.

¹¹³ Þorsteinn Erlingsson: „Nýjárshugvekja“, bls. 1.

¹¹⁴ Þorsteinn Erlingsson: „Úr þjóðkirkjunni“, bls. 118.

vantrú hans. Hvort sem mönnum líkaði þessi skoðun hans eða ekki, koma þær greinilega fljótlega upp í huga samtíðarmanna er hans var minnst og því er hægt að draga þá ályktun að vantrúarboðskapur Þorsteins hafi hreyft við fólki.

Þorsteinn var á móti guðshugmynd kristninnar sem hafði svo oft í gegnum aldirnar verið notuð til kúgunar en sá líka fegurðina í boðskapi Jesú Krist. Þessar skoðanir passa vel við sósíalískar skoðanir Þorsteins. Hann vildi að trúmál hvers og eins væru persónulegt mál. Hann var ekki í krossferð gegn kirkjunni en vildi að skoðanir sínar væru metnar til jafns við skoðanir kirkjunnar manna. Margir hafa haldið uppi óljósum skoðunum um trúarskoðanir Þorsteins og hafa viljað draga í efa að hann hafi verið jafn mikill trúleysingi og hann lét í ljós. Skrif hans í *Bjarka* segja aðra sögu. Hann lýsir því yfir nokkrum sinnum að hann sé trúleysingi og málflutningur hans ber þess skýr merki.

4 Guðmundur Hannesson

4.1 Rökvís læknir

Þorsteinn Erlingsson var ekki einn um það að fjalla opinberlega um trúleysi sitt í blöðunum. Guðmundur Hannesson gerði það einnig þó að ástríða hans fyrir efninu hafi ekki verið jafn heit og Þorsteins. Hann skrifaði ögn um trúmál í landsmálablöðin um aldamótin 1900 og er besta dæmið um það ritdeila hans við Harald Níelsson og Jón Helgason um vantrú og ljóð Þorsteins Erlingssonar. Hérna verða Guðmundi gerð skil í stuttu máli og fjallað um hugmyndir hans um vantrú og trúleysi sem birtast í blaðaskrifum hans.

Guðmundur fæddist 9. september 1866 að Guðlaugsstöðum í Blöndudal í Austur-Húnavatnssýslu. Að loknu stúdentsprófi fór hann til Kaupmannahafnar að nema læknisfræði. Embættisprófi lauk hann 1894 með 1. einkunn og fékk embætti héraðslæknis á Sauðárkróki sama ár en aðeins til skamms tíma. Á árunum 1895-1896 var hann í starfsnámi á nokkrum sjúkrahúsum í Kaupmannahöfn og en 1896 varð hann héraðslæknir á Akureyri. Guðmundur flutti til Reykjavíkur 1907 og bjó þar til æviloka. Hann var skipaður héraðslæknir Reykjavíkur ásamt því að kenna nokkur fög í Læknaskólanum. Læknisstörfum hætti Guðmundur 1911 þegar Háskóli Íslands var stofnaður og hann skipaður prófessor við skólann. Hann var rektor Háskólans 1915-1916 og 1924-1925. Hann var kjörinn þingmaður Húnavetninga 1914-1916 ásamt því að sitja í hinum ýmsu nefndum og stjórnnum á lífsleiðinni. Á Akureyri gaf hann út *Læknablaðið* frá 1902. Hann skrifaði allt efni í blaðið sjálfur og kom það út á tveggja mánaða fresti í þrjú ár. Síðar sat hann í ritstjórn blaðs með sama nafni í Reykjavík 1915-1921. Hann skrifaði töluvert um stjórnsmál, skipulagsmál og húsbyggingar í blöðin ásamt því að skrifa margar ritgerðir og bæklinga um þessi hugðarefni sín. Guðmundur var ötull baráttumaður fyrir ýmsum málefnum sem snertu þjóðfélagið eins og betri húsbyggingar og önnur framfaramál. Hann var einnig áhugamaður um trúmál og nú mun þeim þætti í fari hans verða gerð skil.

Dóttir Guðmundar, Anna, skrifaði kafla um föður sinn í bókina *Faðir minn – Læknirinn*, sem kom út 1974. Í henni segir hún frá því að faðir sinn hafi á unglingsaldri haft efasemdir um kenningar kirkjunnar eftir að hann áttaði sig á því að Guð heyrði líklega ekki í bænum mannanna.¹¹⁵ Strax á menntaskólaárum sínum viðaði Guðmundur

¹¹⁵ Anna Guðmundsdóttir: „Dr. Guðmundur Hannesson prófessor“, bls. 86.

að sér bókum um náttúrufræði eftir höfunda eins og Darwin og Huxley ásamt því að lesa sér til um kenningar Spencers og Malthusar. Hann var því vel að sér í þróunarfræðum og betri að sér í náttúrufræði en margir af kennurum hans.¹¹⁶ Þessar vísindakenningar sem Guðmundur kynntist á unglingsárunum gerðu hann afhuga trúnni. Í þeim er dregin upp heimsmynd sem samræmist illa því sem kirkjan boðaði.¹¹⁷ Ef menn sjá að eitthvað af fullyrðingum kirkjunnar standist ekki er ekki langt í að hafna þeim öllum. Níels Dungal, nemandi Guðmundar og góðvinur, sagði þetta um trúarskoðanir Guðmundar: „Hann var of vel að sér í náttúrufræðum til þess að geta trúað á nokkurn guðdómlegan skapara, og einu sinni sagði hann mér, að hann hefði lengi gengið með þá hugmynd að skrifa bók, sem átti að heita „Uppreisnin á móti guði“.“¹¹⁸ Anna dóttir hans segir að faðir sinn hafi ætíð lesið mikið um trúmál en talið sig vantrúaðan mann.¹¹⁹ Í ritdeilunni við Harald Níelsson og Jón Helgason segir Guðmundur á einum stað: „Ég kannast að öðru leyti fyllilega við það, að ég tel mig í flokki vantrúarmanna og er þess fullviss, að ég er þar í félagi við fjölda ágætismanna.“¹²⁰ Af þessum vitnisburðum að dæma má telja ljóst að Guðmundur var trúleysingi eins og ennfremur verður sýnt fram á þegar blaðaskrif hans verða skoðuð.

Eins og áður hefur verið komið að, átti Guðmundur í ritdeilu við þá Harald Níelsson og Jón Helgason. Þeir voru báðir guðfræðimenntaðir í Kaupmannahöfn og ætluðu sér að hrinda af stað kristinni trúarvakningu meðal Íslendinga og hófu útgáfu á kristilega tímaritinu *Verði Ljós*. Skrif þeirra í blaðið um *Þyrna Þorsteins Erlingssonar* komu af stað þessari ritdeilu sem hverfðist á endanum ekki einungis um *Þyrna*, heldur einnig um siðferði vantrúarmanna og fleiri álitamál tengd kristinni trú. Þeir ætluðu að afgreiða vantrúarboðskapinn í eitt skipti fyrir öll.¹²¹ Ekki skal farið nákvæmlega í málflutning þeirra en í megindráttum töldu þeir að vantrúarmenn hafi hafnað trúnni vegna þess að þeir hafi ekki getað staðið undir þeim ströngu siðferðiskröfum sem trúin setji þeim. Einnig héldu þeir því fram að þessir menn hafi verið hatarar Krists og að Þorsteinn Erlingsson hafi ekki séð það góða sem kristindómurinn hafði fært heiminum

¹¹⁶ Níels Dungal: *Guðmundur Hannesson prófessor*, bls. 6.

¹¹⁷ Níels Dungal: *Guðmundur Hannesson prófessor*, bls. 7.

¹¹⁸ Níels Dungal: *Guðmundur Hannesson prófessor*, bls. 15.

¹¹⁹ Anna Guðmundsdóttir: „Dr. Guðmundur Hannesson prófessor“, bls. 106.

¹²⁰ Guðmundur Hannesson: „Hugsanaflækjan“, bls. 133.

¹²¹ Pétur Pétursson: „Deilan um Þyrna Þorsteins Erlingssonar“, bls. 162-163.

eins og jafnrétti, útrýmingu þrælahalds og umhyggju fyrir þeim sem minna mega sín.¹²² Guðmundur Hannesson gat ekki setið undir þessum árásum á Þorstein vin sinn og því þröngsýna viðhorfi sem birtist í þessum greinum og svaraði því fullum hálsi í greinum í *Bjarka Þorsteins Erlingssonar og Íslandi Þorsteins Gíslasonar*.

4.2 Siðferði

Guðmundur byrjar á að ásaka Harald og Jón um að þekkja ekki neitt til hugsanastefna nútímans í vantrúarátt og skilgreinir um leið vantrúna á þá leið að hún feli í sér „trúarskoðanir sem eigi eru í samræmi við kirkjunnar kenningu.“¹²³ Þetta vekur upp spurningar um hvaða málstað Guðmundur er að verja. Hvað á hann við með trúarskoðun? Það er álitamál hvort að líta beri á trúleysi sem trúarskoðun þó að sumir gætu fallist á það. Trúleysi er í besta falli skoðun í trúmálum en aðrir gætu fært rök fyrir því að trúleysi sé ekki trúarskoðun, hún sé í raun afneitun allra trúarbragða. Hún er lífsskoðun. Þessi skilgreining Guðmundar á vantrú er ansi víð því samkvæmt henni gætu úнитарar, mormónar og aðrir kristnir söfnuðir auðveldlega fallið undir vantrú þar sem trúarskoðanir þeirra eru ekki í samræmi við kenningu kirkjunnar.

Hins vegar skrifar Guðmundur viðauka við skilgreiningu sína á vantrú í grein er nefnist „Hugsanaflækjan“ nokkrum mánuðum síðar. Þar hefur hann tekið út orðið „trúarskoðun“ og setur „lífsskoðun“ í stað þess. Auk þess bætir hann við:

Orðið er eldra en nýjateamentið og kemur fyrir í öllum þeim heil. bókum, sem ég hef séð, að gamlatestamentinu undanteknu. Þar hef ég eigi hitt það. Í kóraninum kemur það fyrir á nokkrum stöðum og kallar Mohammed þá vantrúaða, sem eigi trúa kenning um hans. Á sama hátt segir hvert kirkjufélag fyrir sig.¹²⁴

Þarna hefur Guðmundur þrengt skilgreininguna og er hún nær því að falla undir trúleysi. Hann telur að vantrúaðir séu allir þeir sem eru í andstöðu við trúarbrögð, ekki einungis kristnina. Guðmundur færir svo rök fyrir því af hverju menn eru vantrúaðir:

Af því að menn eftir veikum mætti leita sannleikans. Ef ekki lægi sumpart þúngur, alvarlegur grunur á, sumpart væri full vissa fyrir því, að biblían sje mannaverk og eigi frekar að marka en aðrar hinar svonefndu heilögu bækur,

¹²² Pétur Pétursson: „Deilan um Þyna Þorsteins Erlingssonar“, bls. 164-165.

¹²³ Guðmundur Hannesson: „Opið bréf til Jóns Helgasonar og Haraldar Níelssonar“, bls. 65.

¹²⁴ Guðmundur Hannesson: „Hugsanaflækjan“, bls. 133.

að hún sje víða skáldskapur, víða þjóðsögur, víða hrein og bein ósannindi, að kraftaverk hafi aldrei átt sjer stað, að heiminum sje eigi stjórnað samkvæmt mannlegum hugmyndum um rjettvísi og siðalögmál, að bænir manna til guðs breyti eigi rás viðburðanna... – ef eigi alt þetta væri – þá væri vantrúin eingin.¹²⁵

Hér lýsir Guðmundur því nákvæmlega hvers vegna hann gat ekki sætt sig við kenningar kirkjunnar. Hann er í raun á þeirri skoðun að margt í boðskap kirkjunnar sé beinlínis skaðlegt.

Guðmundur þýddi smáritið *Opið brjef til klerka og kennimanna frá Leo Tolstoj*, sem gefið var út á Akureyri 1903. Í formála skrifar hann að efni bókarinnar eigi tilkall til íslensks almennings, þá sérstaklega kaflinn um kennslu barna í biblíusögum. „Margt sem börnunum er í þeim kennt, vita allir menntaðir menn, og prestarnir bezt, að eru algjör ósannindi og gengur það óhæfu næst, að berja slíkt inn í trúgjarnar barnssálir.“¹²⁶ Ritið fjallaði annars um svar rússneska rithöfundarins Leo Tolstoj, til rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar eftir að hún bannfærði hann fyrir trúvillu.

Guðmundur fjallar nokkuð um siðferði í ritdeilunni, siðferði vantrúarmanna og uppruna siðferðis, hvort það standist að til kristindómsins megi rekja allt gott siðferði í heiminum. Hann telur fráleitt að siðferði vantrúarmanna sé verra en trúmanna og telur að í hópi vantrúarmanna megi finna hjartahreinustu menn aldarinnar og tekur Þorstein Erlingsson, Charles Darwin, Herbert Spencer, John Stuart Mill og Ernest Renan sem dæmi. Alls staðar megi finna vott af þessu siðferði þar sem „nokkur geisli nútíðarmenntunarinnar hefur skinið.“¹²⁷ Guðmundur svarar þeim fullyrðingum að ströng siðferðisskilyrði geri vantrúaða menn afhuga kristindómnum, með því að það sé svipuð fáránleg fullyrðing og: „Ekki segi ég að þú sért þjófgefinn, en hitt segi ég, að það er einmitt boðorðið: þú skalt ekki stela, sem fælir þig frá lögmálinu.“¹²⁸

Hugmyndina um að uppruna siðferðis megi rekja til kristindómsins telur Guðmundur fráleita. Hann tekur til mörg dæmi um þann siðferðisboðskap sem til var í heiminum fyrir daga Krists. Hann vitnar í Zarabústra sem lifði 1000 árum fyrir Krist:

¹²⁵ Guðmundur Hannesson: „Opið bréf til Jóns Helgasonar og Haraldar Níelssonar“, bls. 65.

¹²⁶ Guðmundur Hannesson: *Opið brjef til klerka og kennimanna frá Leo Tolstoj*, bls. 10.

¹²⁷ Guðmundur Hannesson: „Opið bréf til Jóns Helgasonar og Haraldar Níelssonar“, bls. 65.

¹²⁸ Guðmundur Hannesson: „Skar í „Ljósínu““, bls. 171.

Þú skalt eigi mann deyða, eigi hórdóm drýgja, aldrei ósatt mæla, aldrei þín loforð svíkja, engan tæla, enga fölsun í frammi hafa, engan rægja né ófrægja, aldrei sverja rangan eið.“ „Þú skalt ekkert ranglega af öðrum hafa, engar mútur þiggja, ekkert draga af launum verkmannanna, engu stela, einga ásælni í frammi hafa en vera trúr yfir því sem þér er í hendur fengið.“ „Þá skalt eigi vera sérplæginn, ekki öfundssjúkur, ekki ágjarn.“ „Maka þínum skaltu trúr, mildur þeim sem undirgefnir eru, sýna yfirboðurum þínum virðingu, vera yðjusamur, vera löghlýðinn, vera örlátur við gesti og ókunna“. Ef eigi þessi dæmi eru nóg til þess að sýna, að kristur ekki *gróðursetti* mannúðina í heiminum þá ætti eftirfarandi að nægja: „Hjálpa skaltu fátækum og bágstöddum.“ „Vertu dýrunum góður, hirtu þau og fóðraðu vel.“ „Þegar þér biðjist fyrir skuluð þér *aldrei biðja fyrir yður sjálfum eingöngu, heldur öllum mönnum*.¹²⁹

Hann finnur fleiri dæmi: „500 árum fyrir krist kendi Laotse þetta um skyldurnar: „Ein er skyldan við meðbræðurnar: kærleikurinn, og ein við sjálfan sig: sjálfs afneitunin.“ Með slíkum dæmum mætti fylla bók.“¹³⁰ Guðmundur var hrifinn af kenningum Búdda og vitnar í siðaboðskap hans en viðurkennir að Búddismi hafi ekki haft mikil áhrif á Evrópuþjóðir. Þó hafi Búdda kennt líknsemi við sjúka og bágstadda á undan Kristi og því megi spyrja sig hvor hafi getað haft áhrif á hinn. Hann bætir því við að Búddismi nái til stærri hluta jarðarbúa en kristnin og því hafi fleiri siðaboðskap sinn frá honum en kristninni.¹³¹ Guðmundur telur það einnig varhugavert að eigna kristindómnum allar þær framfarir sem orðið hafa í Evrópu og Ameríku. Munur sé á því að eiga frumkvæðið að þeim eða vera til á sama tíma. Hann tekur lækisfræðina sem dæmi um þetta:

Að hverju leyti – svo að stóru nemi – hefir kristindómurinn borið lækislist áleiðis? Voru ekki hinir frægu fornu meistarar hennar heiðnir? Var eigi Hippokrates það? Kunnu hinir heiðnu íslendingar eigi furðanlega sáralækningar? Voru eigi Múhamedstrúarmenn á Spáni hinir beztu læknar Evrópu á sínum tíma? Máske hefir Lúther lagt grundvöllinn til rannsókna

¹²⁹ Guðmundur Hannesson: „Nokkur orð til Haraldar Níelssonar og Jóns Helgasonar“, bls. 205.

¹³⁰ Guðmundur Hannesson: „Nokkur orð til Haraldar Níelssonar og Jóns Helgasonar“, bls. 205.

¹³¹ Guðmundur Hannesson: „Hugsanaflækjan“, bls. 137.

nútímans um eðli næmra sjúkdóma, þegar hann gaf þá fróðlegu skýringu að „þeir væru ekkert annað en bersýnileg djöfulsins verk.“¹³²

Guðmundur er líkt og Þorsteinn Erlingsson óánægður með það að vantrúarmönnum sé brigslað um það að hata Jesú Krist eða beinlínis hata kristindóminn. Hann notar dæmisögu til að sýna fram á hversu röng hugsun hún sé:

Setjum svo, að þú sért mér persónulega kunnugur, sem ágætur kennimaður, siðferðisgóður, andlegt stórmenni og leiðtogi lýðsins. Eftir þinn dag skyldu síðan rísa upp einhverjir lærisveinar þínir og flytja þá kenningu, að þú hefðir verið Guðsson, og að trú á það væri óhjákvæmilegt sáluhjálparskilyrði. Setjum að þeir gætu eigi „séð þá í friði“, sem efuðust um þetta, bygðu heila loftkastala á hverju þínu orði, þættust éta kjöt þitt og blóð. –Skilst þér eigi að ég gæti borið fyrir þér fulla virðingu og vinarhug, sem gömlum kunningja og ágætismanni, þó eigi vildi ég fylla flokk þessara postula og legði eigi trúnað á allan skilning þeirra á orðum þínum og gerðum. Ég á mjög ervitt með að skilja hvernig ég ætti að hata þig fyrir það, að *aðrir* misskildu þig látinn.¹³³

Hann fullyrðir að afar fáir vantrúarmenn hati Jesú Krist og tekur sem dæmi Þorstein Erlingsson, vantrúarmann sem hefur mikla aðdáun á Kristi. Hann sjálfur fer fögrum orðum um Krist í lokaorðum einnar ritdeilugreinarinnar.

Ég vil með þessu enganveginn ríra siðferðiskenningu kristis. Hann talaði öfluglega máli mannúðarinnar og kærleikans. Hvorutveggja hófðu aðrir gróðursett löngu fyrir hans daga en nöfn þeirra eru ókunn. Annað mál er það hvort hið sama verði sagt um ríkiskyrkjur og kreddukerfi þau sem nafn hans bera.¹³⁴

Hann er á þeirri skoðun að nafn Kristis hafi verið misnotað af kirkjunni og finnst það miður.

¹³² Guðmundur Hannesson: „Hugsanaflækjan“, bls. 137.

¹³³ Guðmundur Hannesson: „Hugsanaflækjan“, bls. 137.

¹³⁴ Guðmundur Hannesson: „Nokkur orð til Haraldar Níelssonar og Jóns Helgasonar“, bls. 205.

4.3 Skynsemi kristindómsins

Guðmundur veltir því fyrir sér hvort að hægt sé að samræma skynsemina kristindómnum. Hann telur það ekki gild rök að kristindómurinn samræmist skynseminni af því svo margir fylgi honum. „Fáar kenningar eru svo allri skynsemi fjarstæðar, að eigi megi finna heilan flokk gáfaðra manna, sem hafi álitid þær skynsamlegar. Sjálf kenningin verður að tala fyrir sér, en eigi tala þeirra, sem hafa leiðst til að trúá henni.“¹³⁵ Hindrunin í vegi fyrir því að Guðmundur geti talið kristindóminn skynsamlegan var sú að í honum er því trúað gagnrýnislaust sem haldið var fram fyrir hundruðum ára sem eigi gat samræmst vísindalegri þekkingu. Hann gat ekki látið eins og kraftaverkin í Biblíunni hefðu verið raunverulegir atburðir. Hann hafði lesið sér til um að ómögulegt væri að sanna að þau hefðu í raun átt sér stað. Hann taldi því afar vafasamt að draga einhverjar raunverulegar ályktanir um hluti sem voru skrifaðir í trúarit, sem væru uppfull af þjóðsögum og hjátrú.¹³⁶ Guðmundur var þjálfaður vísindamaður og hafði yfirgripsmikla þekkingu á náttúrufræði og því hefur hann talið sig skyldugan til að mótmæla því í kristindómnum sem hann taldi móðga skynsemina.

Guðmundur var með fleiri aðfinnslur við skynsemi í boðskap kristinnar trúar. David Östlund, aðventistapredikari, stóð að útgáfu og þýðingu norskrar skáldsögu sem gefin var út á Íslandi 1902. Bókin nefnist *Týndi faðirinn* og fjallar um bræður, annar var leiður á lífinu og hafði misst alla trú, hinn var trúaður og fékk bróður sinn að lokum til að endurheimta trúna svo hann gæti dáið í friði og í sátt við sinn Guð.¹³⁷ Guðmundur Hannesson skrifaði ritdóm um bókina í *Norðurland* 1903. Efni bókarinnar skiptir ekki svo miklu máli í þessu samhengi en athugasemdir Guðmundar um boðskap bókarinnar er athyglisverður. Hann finnur að tveimur siðaboðorðum kristinnar trúar og hvernig þau samrýmast almennri skynsemi. Það fyrra var að menn skuli elska náunga sinn, en hið síðara var sú kenning Krists að menn skuli gefa fátækum eigur sínar og að öllum hjálparþurfi skuli hjálpa tafarlaust.¹³⁸ Það fyrra telur Guðmundur að enginn maður hafi nokkurn tíman gert yfir lengri hluta ævinnar. „Ef þetta elskunnar boðorð er einnig látið ná til óvina vorra, eins og Kristur ákvað, gerir það ráð fyrir því, að það séu sumir en ekki allir, sem eftir því breyta. Annars væri um enga óvini að tala. En á meðan þannig er

¹³⁵ Guðmundur Hannesson: „Hugsanaflækjan“, bls. 137.

¹³⁶ Guðmundur Hannesson: „Nokkur orð til Haraldar Níelssonar og Jóns Helgasonar“, bls. 205.

¹³⁷ Hafsteinn Pétursson: „Ritsjá“, bls. 233-234.

¹³⁸ Guðmundur Hannesson: „Bækur“, bls. 179.

ástatt, kemur boðorðið í bága við hyggilega forsjálni og vit fyrir sjálfum sér.¹³⁹ Hann telur síðar talda boðskapinn, að maður skuli gefa fátækum eigur sínar, einnig varhugaverðan. Um þessa kenningu Krists segir Guðmundur:

Þessi kenning er strangkristileg en mjög varúðarverð, ef ekki algerlega röng, sökum þess að hún leiðir til algerðrar fátæktar (pauperisme) og kemur í bága við alla siðmenning vorra daga. Að kristindómurinn hefir getað þrífist samfara siðmenningunni liggur einkum í því, að hann hefir sífellt svikið þessa kenningu sína og þjónað með ánægju guði og Mammoni, hvað svo sem sagt hefir verið á prédikunarstólnum. Eg er ekki að lá hinum kristnu þessa breytni, því hún var efalaust óhjákvæmileg, en í mínum augum eru þau boðorð röng, sem að eins eru til þess að brjóta þau.¹⁴⁰

Guðmundur skrifar þessar hugleiðingar sínar með ískaldri röksemdarfærslu. Málflutningur hans er rökrænn og hnitmiðaður enda þarf slíkt að vera til staðar ef draga á í efa skynsemi þess að elska náungann og gefa fátækum.

En hverja telur Guðmundur vera framtíð trúarbragðanna? Í lokaorðum einnar greinar vísar Guðmundur aðeins að því. Hann telur að framfarir muni eiga sér stað. Menn munu hætta að gefa guðshugmyndinni og náttúrunni mannlega eiginleika og guðshugmyndin mun hreinsast. Hann spáir þessu um framtíðina:

Bráðum verður hætt að telja eiginlegleika guðs á fingrunum, eins og nú er gert, þó furðanlegt sé. Menn fara smámsaman að sjá, að guð með þeim eiginlegleikum er ekki annað en stækkaður maður, og yfirgefa það, sem Englendingurinn kallar „anthropocentric point of view“. Þið, sem haldið dauðahaldi í hvern fornan orðsins bókstaf, eruð í mínum augum hinir óþörfustu menn, enda starf ykkar árangurslítið. Ykkur fer líkt og mönnun um, sem ekki vildu trúa því að jörðin snerist og hugðu alt út um þúfur fara ef svo væri, ekki sízt kristindóminn. Þeir dóu að vísu með þeirri sannfæringu, að jörðin stæði grafkyr, en eftirkomendurnir fengu aðra sannfæringu, sem reynst hefir stórum betri, þrátt fyrir allar fullvissanir gömlu mannanna. Og mennirnir urðu ekki óguðlegri fyrir það.¹⁴¹

¹³⁹ Guðmundur Hannesson: „Bækur“, bls. 179.

¹⁴⁰ Guðmundur Hannesson: „Bækur“, bls. 179.

¹⁴¹ Guðmundur Hannesson: „Hugsanaflækjan“, bls. 137-138.

Gagnrýni hans beinist aðallega að kristinni trú þar sem hún var ráðandi hugmyndafræði í umhverfi hans. Hann telur margt óskynsamlegt við boðskap kristindómsins og vill að menn láti rök og skynsemi ráða í lífinu og því telur hann blinda trú alveg ómögulega. Hann viðurkennir fúslega að hann sé vantrúarmaður og finnst málflutningur Haraldar og Jóns um siðferði vantrúarmanna og fleira í þeim dúr móðga vitsmuni fólks og sér sig knúinn að svara þeim. Hann var læknir og hjálpaði fólki með aðferðum sem voru fjarri því að eiga uppruna sinn í fræðum trúmannanna. Með fullyrðingum eins og að allt það góða í heiminum stafi frá kristindómnum, eru trúmennirnir að gera lítið úr framförum vísindamanna. Læknirinn getur ekki sætt sig við slíkt því hann veit að gamlar kreddur og klerkastétt sem fylgir ekki öll sínum eigin boðorðum getur ekki verið uppspretta alls þess góða í heiminum. Siðferðið stafar ekki af boðskap Jesú Krists því gott siðferði er honum eldra í heiminum að mati Guðmundar og hann færir fyrir því mörg haldbær rök.

Skynsemi og rök einkenna málflutning Guðmundar. Hann vill að rétt sé farið með og sannleikurinn sé leiddur í ljós.

Pétur Pétursson telur að Guðmundur hafi farið með ótvíræðan sigur af hólmi í ritdeilunni við Harald og Jón. Rökin sem þeir beittu voru gamaldags og kreddukennd.¹⁴² Pétur Pétursson telur einnig að Guðmundur hafi notið góðs af því að hafa átt mörg samtöl um trúmál við góðvin sinn Matthías Jochumsson. Hann telur að Guðmundur hafi fengið guðfræðilega þekkingu sína og innsæi frá samræðum sínum við Matthías.¹⁴³ Það má vel vera að Guðmundur hafi notið góðs af þessum vinskap við Matthías. En ekki má gleyma að Guðmundur var sannfærður trúleysingi, rökfastur og víðlesinn bæði um trúmál og vísindi. Hann var því vel undurbúinn undir deiluna með eða án hjálpar Matthíasar.

¹⁴² Pétur Pétursson: „Deilan um Þyrna Þorsteins Erlingssonar“, bls. 168.

¹⁴³ Pétur Pétursson: „Deilan um Þyrna Þorsteins Erlingssonar“, bls. 169.

Niðurstöður

Töluverðar hræringar áttu sér stað í trúarumræðu Íslendinga á seinustu áratugum 19. aldar. Kirkjan átti undir högg að sækja og fékk á sig gagnrýni frá bæði trúuðum og trúlausum. Gagnrýni þeirra trúuðu einkenndist af óánægju með skipan kirkjumála og er fríkirkjuhreyfingin skýrasta dæmið um það. Gagnrýni trúleysingja og efahyggjumanna er af öðrum meiði. Sú gagnrýni beindist að trúnni sjálfri en ekki aðeins að kirkjunni. Fríkirkjumenn voru þrátt fyrir allt lútherskir og nánast enginn munur á trúarjátningu þeirra og þjóðkirkjumanna.

Þær persónur sem eru í aðalhlutverki í ritgerðinni, Guðmundur Hannesson, Jón Ólafsson, Valdimar Ásmundsson, Þorsteinn Erlingsson og Þorsteinn Gíslason, voru valdir með tilliti til þess að eftir þá liggur þó nokkuð af gagnrýnum skrifum um kristna trú og kirkju. Vafalaust má nefna fleiri einstaklinga sem höfðu svipaðar skoðanir eins og til dæmis *Verðandi* skáldin svokölluðu, en gagnrýni þeirra var ekki jafn beinskeytt. Stephan G. Stephensen var hins vegar beittur í ádeilukvæðum sínum en hann fluttist snemma til Vesturheims og því er ekki rétt sérstaklega um hann.

Hvað eiga aðalpersónur ritgerðarinnar sameiginlegt? Þeir voru allir ritstjórar landsmálablaða nema Guðmundur, sem var einungis ritstjóri fagblaða um lækningar. Blaðaskrifin gáfu þeim kjörinn vettvang til að tjá sig um hugðarefni sín. Það eru augljós tengsl á milli aukinnar blaðaútgáfu í landinu og aukinnar gagnrýni í samfélaginu um trúmál. Gagnrýnin á kirkjuna og trúna grundvallast á þessari miklu blaðaútgáfu. Ef litið er á menntun fyrrnefndra manna, kemur í ljós að þrír þeirra fóru utan til náms en Jón hætti námi eftir Lærða skólann og Valdimar hafði enga formlega framhaldsmenntun. Þeir voru þrátt fyrir það upplýstir og fróðir á mörgum sviðum og stóðu menntamönnunum síst að baki í þeim efnum. Guðmundur var þó sá eini þeirra sem útskrifaðist. Þorsteinn Erlingsson og nafni hans Gíslason luku hvorugir sínu námi.

Þegar fjallað eru um vantrúarbylgjuna sem skall á landinu undir lok 19. aldar er hún nánast ætíð kennd við hugmyndir og trúargagnrýni Georgs Brandes. Sú kenning á svo sannarlega við um *Verðandi* skáldin, en ljóst er að rætur trúarefna og trúleysisins, sem kemur fram í skrifum aðalpersóna þessarar ritgerðar, liggja víðar. Fullyrða má að trúleysi Guðmundar Hannessonar megi

rekja til vísindahyggju hans og þekkingar á vísindakenningum samtímans. Valdimar Ásmundsson fór aldrei utan til náms og því varla hægt að tengja hann beint við áhrif frá Brandes. Það sama má segja um Jón Ólafsson. Hugmyndir Jóns um frelsi einstaklingsins, þar á meðal trúfrelsi, má rekja til frjálslýndis og frelsishugmynda Vesturheims. Rætur trúarefa Jóns og Valdimars liggja í frjálslýndum viðhorfum þeirra og vísindahyggju. Þorsteinn Erlingsson og nafni hans Gíslason eru þó án vafa undir einhverjum áhrifum frá Brandes. Þeir voru báðir í námi í Kaupmannahöfn þegar kenningar Brandesar voru vinsælar og því augljóst að áhrif þeirra hafa mótað viðhorf þeirra til trúarinnar. Því má segja að áhrif Brandesar í vantrúarbylgjunni á Íslandi hafi mögulega verið ofmetin þó að þau hafi vissulega verið til staðar.

Trúleysi Guðmundar Hannessonar má rekja til vísindahyggju og rökfestu hans. Hann vissi að vísindin og hin íhaldssama kristna trú gátu ekki samræmst og taldi sig því knúinn til að verja vísindin og vantrúna í þeirri baráttu. Vantrúarskrif Þorsteins Gíslasonar einkennast einnig af þessari sterku vísindahyggju. Vísindin byggðust á sannleikanum en þeir sáu lygi og fals í kristinni trú. Hafa verður í huga að vantrúarbylgjan kemur fram þegar þjóðkirkjan er íhaldssamari og kreddukenndari en eftir að frjálslýnda guðfræðin varð ráðandi í þjóðkirkjunni á öðrum áratug tuttugustu aldar. Sú staðreynd skýrir hvers vegna þeir töldu sig þurfa að setjast niður og skrifa gegn mörgu því sem kirkjunnar menn héldu fram.

Ástæðan fyrir trúleysi Þorsteins Erlingssonar virðist vera persónulegri og tilfinningalegri en í tilfalli Guðmundar. Þorsteinn var uppreisnarmaður í baráttu gegn valdniðslu og óréttlæti. Pólítískar skoðanir geta í tilfalli sumra nálgast það að vera trúarbrögð og því má segja að jafnaðarmennskan hafi verið trúarbrögð Þorsteins. Hann sá Guð sem óréttlátan harðstjóra og kirkjan var kúgunartæki hans á jörðinni.

Guðmundur og Þorsteinn gagnrýna báðir tilhneigingu trúmanna til að eigna kristinni kirkju allt gott siðferði í heiminum. Þeim er tíðrætt um þetta atriði og fjallar Guðmundur sérstaklega mikið um það. Þeir viðurkenna að góð gildi megi finna í boðskap kristinnar trúar og dást báðir að Jesú Kristi. Þótt að orðræða beggja sé svipuð er þó þar munur á. Þorsteinn leggur mesta áherslu á skaðsemi

trúarinnar og þau illvirki sem kirkjan hefur unnið í sögunni. Guðmundur fjallar hins vegar meira um hvort að trúna megi samræma skynseminni og telur svo ekki vera. Þarna má sjá muninn á þeim tveimur. Þorsteinn, tilfinninganæma skáldið með sterku réttlætiskenndina og Guðmundur með vélræna rökhugsun vísindamannsins.

Athyglisvert er að aðskilnaður ríkis og kirkju er ekki hávæð krafa í skrifum vantrúarmannanna. Margir fríkirkjumenn töldu að auka mætti kraft í trúarlífi landsmanna með aðskilnaði ríkis og kirkju. Telja má víst að Jón og Valdimar hafi einnig verið hlyntir aðskilnaði vegna frjálsslyndra skoðana þeirra í trúmálum. Hins vegar ræða Guðmundur og Þorsteinn Erlingsson ekki mikið um þetta málefni. Enda voru þeir báðir trúlausir og hafa ekki talið ákjósanlegt að efla trúarlíf í landinu með aðskilnaði ríkis og kirkju. Þeir vildu eflaust frekar að trúaráhugi færi minnkandi og myndi á endanum deyja út.

Hvaðan kom þessum mönnum þor til að gagnrýna kirkjuna og trúna? Þorsteinn Gíslason minnst á að fáir hafi þorað að gangast við trúleysi sínu opinberlega þar sem slíkt gæti haft skaðlega áhrif á lífsafkomu þeirra. Þetta mat Þorsteins er líklega rétt. Gagnrýni á kristna trú og kirkju var róttæk skoðun sem aflaði mönnum hrifningar hjá aðeins litlum hluta þjóðarinnar. Til dæmis um það var reglulega deilt um það á Alþingi hvort veita ætti Þorsteini Erlingssyni skáldastyrk þar sem margir voru ósáttir við trúarádeilukvæði hans. Þorsteinn lét það þó ekki á sig fá. Hann var tilbúinn að láta ýmislegt yfir sig ganga fyrir sannfæringu sína og var vanur hungri og fátækt frá Hafnarárum sínum. Guðmundur Hannesson hefur vafalaust notið þess að vera fær og virtur læknir. Hann var orðinn það mikilvægur í krafti héraðslæknisembættis síns á Akureyri að hann hefur talið sig nokkuð öruggan að geta viðrað skoðanir sínar umbúðarlaust. Hinir þrír héldu ekki fram opinberlega fram trúleysi en höfðu róttækar skoðanir á trúnni. Jón Ólafsson hafði allt frá unglingsárum sínum verið umdeildur í skoðunum og djarfur í framsetningu þeirra og uppskar margar meiðyrðaákærur fyrir vikið. Hann hafði lífsafkomu af blaðaútgáfu og var því nokkuð sjálfstæður líkt og Valdimar Ásmundsson og Þorsteinn Gíslason. Þó var sjálfstæði ritstjóranna takmarkað að því leyti að þeir voru fjárhagslega háðir áskrifendum sínum. Skynsamlegt var að ganga ekki alveg fram af fólki í trúarskrifum. Valdimar og

Jón voru líka mildari í gagnrýni sinni en hinir þrír og Þorsteinn Gíslason átti ekki útgáfu *Sunnanfara* þegar hann skrifaði þar sínar róttæku greinar um vísindi og trú.

Ekki er auðvelt að leggja mat á hvernig vantrúarbylgjan hafði áhrif á almenning í landinu. Minnst er á það í umfjölluninni að vantrúarkvæði Þorsteins Erlingssonar hafi gert Sigurð Nordal að saklausum heiðingja á unglingsaldri. Frásögnin í *Bjarka* af fundinum á Akureyri þar sem trúleysishugmyndir voru ræddar, sýnir að efnið vakti áhuga þó að erfitt sé að gera sér grein fyrir því hvort margir hafi hrifist með hugmyndunum sem ræddar voru. Fjöldi þeirra í manntölum sem skráðir voru með enga trú fór vaxandi á síðustu áratugum 19. aldar. Þó eru þetta svo lágar tölur að þær eru varla marktækar. Aðeins 60 manns voru skráðir með enga trú í landinu 1900. Trúleysi hefur varla verið vinsæl skoðun hjá almenningi sem ekki þekkti almennt vel til þeirra hugmynda og stefna sem þær áttu rætur sínar að rekja til.

Pétur Pétursson telur að gagnrýni á trúna og kirkjuna hafi verið mild miðað við það sem tíðkaðist erlendis. Það má vera en þýðir þó ekki að hún hafi verið mild á miðað við íslenskan veruleika. Aðrar þjóðir eins og til dæmis Frakkar höfðu fjölmenna stétt menntamanna sem átti sér langa forsögu og sumir þeirra höfðu gagnrýnt kirkjuna allt síðan á 18.öld. Allt annar veruleiki blasti við á Íslandi. Menntamenn voru fáir og varla hægt að tala um stétt menntamanna fyrr en líður á 19. öldina. Að sjálfsögðu var umræðan á Íslandi mild miðað við hvað tíðkaðist erlendis en hún var á stundum hörð á íslenskan mælikvarða. Vantrúarbylgjan undir lok 19. aldar hafði líklega einhver áhrif á þjóðkirkjuna að því leyti að flýta fyrir því að frjálsslynd guðfræðileg viðhorf náðu brautargengi þó að erfitt sé að fullyrða eitthvað um það. Vandasamt er að leggja mat á áhrif vantrúarinnar. Líklega hrærði hún í trúarvitund almennings og fengið marga til að hugsa gagnrýnið um trúarsannfæringu sína. Gagnrýnin losaði um trúmálaumræðu í landinu og færði boðskap kirkjunnar af þeim palli óskeikaleikans niður á plan þar sem lærðir og leikir gátu tekist á um gildi hans.

Heimildaskrá

Alexander Jóhannesson: „Þorsteinn Gíslason 1867–1938“ *Merkir Íslendingar IV*. Jón Guðnason fyrrv. skjalavörður bjó til prentunar. Reykjavík, 1965.

Anna Guðmundsdóttir: „Dr. Guðmundur Hannesson prófessor“, *Faðir minn – Læknirinn*. (Reykjavík. 1974). bls.83–107.

„Álit ungs prests um kirkjulífið“, *Fjallkonan* 6:31 (1889), bls. 121.

„Bendingar um trúarkenslu o.fl. I“, *Fjallkonan* 4:7 (1887), bls. 25–27.

„Bendingar um trúarkenslu o.fl. II“, *Fjallkonan* 4:8 (1887), bls. 29–30.

Benedikt Kristjánsson: „Til unga prestsins í 31. bl. Fjallk. 1889“, *Fjallkonan* 7:2 (1890), bls. 5.

Bjarni Benediktsson: *Þorsteinn Erlingsson*. Reykjavík, 1958.

„Brjef að norðan“, *Bjarki* 2:15 (1897), bls. 58–59.

Einar Hjörleifsson: „Þorsteinn Erlingsson“, *Lögrjetta* 9:49 (1914), bls. 177–178.

Eyja Margrét Brynjarsdóttir. „Hver er skilgreiningin á trúleysingja?“. *Vísindavefurinn* 11.5.2001. <http://visindavefur.is/?id=1589>. (Skoðað 8.4.2009).

Gils Guðmundsson: *Í nærveru sálar. Einar Hjörleifsson Kvaran. Maðurinn og skáldið*. Reykjavík, 1997.

Guðjón Friðriksson: *Nýjustu fréttir! Saga fjölmiðlunar á Íslandi frá upphafi til vorra daga*. Reykjavík, 2000.

Guðmundur Hannesson: „Bækur“, *Norðurland* 2:45 (1903), bls. 179.

Guðmundur Hannesson: „Hugsanaflækjan. Svar til Haraldar Níelssonar. Frá Guðm. Hannessyni“, *Ísland* 2:34 (1898), bls. 133–134.

Guðmundur Hannesson: „Hugsanaflækjan. Svar til Haraldar Níelssonar. Frá Guðm. Hannessyni“, *Ísland* 2:35 (1898), bls. 137–138.

Guðmundur Hannesson: „Nokkur orð til Haraldar Níelssonar og Jóns Helgasonar“, *Ísland* 2:52 (1898), bls. 205.

Guðmundur Hannesson: „Opið bréf til Jóns Helgasonar og Haraldar Níelssonar“, *Bjarki* 3:17 (1898), bls. 65–66.

Guðmundur Hannesson: *Opið brjef til klerka og kennimanna frá Leo Tolstoj*. Akureyri, 1903.

Guðmundur Hannesson: „Skar í „Ljósinu“,“ *Ísland* 2:43 (1898), bls. 171.

Guðmundur Magnússon: „Þorsteinn Erlingsson“, *Skírnir* 89:1 (1915), bls. 1–16.

Gunnar Karlsson: *Frelsisbarátta Suður-Pingeyinga og Jón á Gautlöndum*. Reykjavík, 1977.

Hafsteinn Pétursson: „Ritsjá“, *Eimreiðin* 9:3 (1903), bls. 233–234.

Haraldur Níelsson: „Þekking vor er í molum.“ *Ísafold* 41:77 (1914), bls. 305–306.

Ingi Sigurðsson: *Erlendir straumar og íslensk viðhorf. Áhrif fjölþjóðlegra hugmyndastefna á Íslendinga 1830–1918*. Reykjavík, 2006.

Jón Ólafsson: „Bækr og rit“, *Nýja Öldin* 1:8 (1897), bls. 31–32.

Jón Ólafsson: „Dýrsegulmagn og dáleiðsla, andatrú, fjölkyngi og kraftaverk“, *Nýja Öldin* 3:1 (1899), bls. 1–31.

Jón Ólafsson: „Trú, vísindi, trúleysi“, *Nýja Öldin* 3:2 (1899), bls. 144.

Matthías Jochumsson: „Guðleysið“, *Sunnanfari* 4:3 (1894), bls. 21–22.

Pétur Pétursson: *Church and Social Change. A Study of the Secularization Process in Iceland 1830–1930* IV. Studies in religious experience and behaviour. Vänersborg, 1983.

Pétur Pétursson: „Deilan um Þyrna Þorsteins Erlingssonar. Guðmundur Hannesson læknir gegn Jóni Helgasyni og Haraldi Níelssyni“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 23:1 (2006), bls. 155–172.

Pétur Pétursson: „„Frelsi landanna“ Nýja guðfræðin og þjóðfrelsisbarátta Íslendinga í upphafi 20. aldar“, *Rannsóknir í félagsvísindum* VII. (2006), bls. 149–159.

Pétur Pétursson: „„Vér undirskrifaðir““ Stofnun Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík og kirkjumálin í upphafi aldarinnar“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 14:1 (2000), bls. 251–263.

Pétur Pétursson og Þórunn Valdimarsdóttir: *Til móts við nútímann* IV. Kristni á Íslandi. Reykjavík, 2000.

Stephan G. Stephansson: *Andvökur*. 2.útg. Sigurður Nordal sá um útgáfuna. Reykjavík, 1980.

„Trúarbragðapex“, *Sunnanfari* 4:8 (1895), bls. 63.

Valdimar Ásmundsson: „Framför trúarbragðanna“, *Fjallkonan* 4:22 (1887), bls. 86–87.

Valdimar Ásmundsson: „Sannleikrinn í kristindóminum“, *Fjallkonan* 5:1 (1888), bls. 2–3.

Valdimar Ásmundsson: „Þjóðólfr og kristindómrinn“, *Fjallkonan* 5:18 (1888), bls. 71–72.

Valdimar Briem: „„Að afkristna landið““, *Kirkjublaðið* 6:10 (1896), bls. 149–151.

Valtýr Guðmundsson: „Þorsteinn dáinn“, *Eimreiðin* 21:2 (1915), bls. 119–130.

Þorsteinn Erlingsson: „Friður“, *Bjarki* 1:11 (1896), bls. 41–42.

Þorsteinn Erlingsson: „Heimurinn“, *Bjarki* 2:5 (1897), bls. 18–19.

Þorsteinn Erlingsson: „Kristindómshatrið“, *Bjarki* 3:24 (1898), bls. 93–94.

Þorsteinn Erlingsson: „Kristindómshatrið II“, *Bjarki* 3:26 (1898), bls. 101.

Þorsteinn Erlingsson: „Merkileg bók. (frh.) (Landfræðissaga Þorv. Thóroddsens.)“, *Bjarki* 1:5 (1896), bls. 17–18.

Þorsteinn Erlingsson: „Merkileg bók. Landfræðissaga Íslands, eftir Þorvald Thóroddsen. II“, *Bjarki* 1:4 (1896), bls. 13–14.

Þorsteinn Erlingsson: „Nýárshugvekja“, *Bjarki* 3:1 (1898), bls. 1–2.

Þorsteinn Erlingsson: „Svar til N. Kbl“, *Ísafold* 36:38 (1909), bls. 151.

Þorsteinn Erlingsson: „Úr Þjóðkirkjunni“, *Bjarki* 4:30 (1899), bls. 118.

Þorsteinn Erlingsson: *Þyrnar*. 4.útg. Sigurður Nordal gaf út. Reykjavík, 1943.

Þorsteinn Erlingsson: „Örlög guðanna“, *Sunnanfari* 2:3 (1892), bls. 26–27.

Þorsteinn Gíslason: „Meira af „guðleysinu“,“ *Sunnanfari* 4:3 (1894), bls. 22–23.

Þorsteinn Gíslason: „Um ritdóma og ní kvæði III“, *Sunnanfari* 3:11 (1894), bls. 84–86.

Þorsteinn Gíslason: „Vísindamaðurinn“, *Sunnanfari* 4:2 (1894), bls. 10–13.

Þorsteinn Gíslason: „Vísindi og trú“, *Sunnanfari* 4:7 (1895), bls. 50–54.

Þorsteinn Thorarensen: *Eldur í æðum*. Myndir úr lífi og viðhorfum þeirra, sem voru uppi um aldamót. Reykjavík, 1967.

Þórunn Valdimarsdóttir: *Horfinn heimur. Árið 1900 í nærmynd*. Reykjavík, 2002.

Þórunn Valdimarsdóttir: *Upp á sigurhæðir. Saga Matthíasar Jochumssonar*. Reykjavík, 2006.